

Á
ANNARI
STJÓRNU

Á annari stjörnu.

Es ist doch an der Zeit das bioradiative Aufeinandervirken der Lebewesen, auch von Stern zu Stern einzusehen. Diese Einsicht erst wird dem Affenhaften und schlimmer als Affenhaftem des *Homo stupidus* ein Ende machen. — Ennfremur: því heimskari sem einhyer er og því fáfróðari, því fljótari er hann til að ætla þann geggaðan, sem eitthvað bregður frá venju í orði eða athöfn.

I.

Í mörg ár hefi eg flestar nætur og oft um daga, hugsað meira eða minna um eðli drauma; var mér það mikil áhuga-efni; virtist mér sem ekki allfáum öðrum, að á þeirri leið mundi helzt mega fá einhvern skilning á eðli meðvitundarinnar. En það er efni, sem enginn vízindamaður getur alveg leitt hjá sér að ihuga. Eitthvað las eg um drauma, og þótti mér þar mest koma til þess sem spekingurinn Schopenhauer (Sjópenháer)

hesir ritað um þau efni. En mest gerði eg að því að athuga það sem mig sjálfan dreymdi og reyna að rekja það til þess sem mér hafði komið í hug í vöku eða þeirra áhrifa sem meðvitund mín hafði orðið fyrir, svo að eg tæki eftir. Sitthvað þóttist eg geta rakið, en lítið sem ekkert varð mér ágengt í að skilja eðli draumvitundarinnar; og mér virtist, sem þeir er um drauma höfðu rit-að, hefði aldrei gert sér verulega ljóst, hvað þar er að skilja. Þar var Schopenhauer mikil og merkileg undantekning, og sýnir það, hvernig stundum þarf hina vitrustu menn til að taka eftir því sem eftirá virðist næstum því sjálfsagt að byrja á að skilja. Enginn, sem eg hafði kynst, hafði eins glöggt og Schopenhauer fundið til þess hvað draumvitundin er underleg; honum virtist það ljósara en öllum öðrum hvað það er furðulegt, að í svefn skuli menn, án þess að nota augun, geta séð eins glöget og í vöku með opnum augum. En vilji

menn skilja eðli drauma, þá er þetta aðalatriðið, sem gera þarf grein fyrir.

Þessi draumsjón gerir það bert, að það að dreyma einhvern hlut er mjög frábrugðið því sem verður þegar menn hugsa sér hann í vöku. Segi einhver mér, að þegar hann hugsar sér einhvern hlut, þá sé eins og hann líti hann likamaugum, þá verð eg að efast, eg rengi hann hreint og beint, svo ólíkt er þetta minni eigin reynslu; þykir mér líklegast miklu, að slikt segi menn aðeins, af því að þeir hugsi ekki nágu ljóst, kunni ekki nágu vel að athuga sjálfa sig, og finna þann mikla mun sem er á þeirri mynd sem í hugann kemur þegar menn líta á einhvern hlut, og svo „hugmyndinni“ um hann þegar hann er úr augsýn, hvað vel sem eftir honum er munað.

II.

Eins og eg hefi getið um áður, (i ritgerðinni fyrirburðir) komst eg að þeirri niðuratöðu, er eg hafði aukið reynslu mína með því að fá að vita hvernig það er að verða brjálaður (eins og eðlisfræðingurinn Newton, heimspekingurinn Comte, og fleiri afreksmenn að viti, sem sumir eru nefndir í áðurgreindri ritgerð), að draumar væri líka eðlis og sum brjálaðsemi. Hefti eg síðan séð, að sá sem kvað vera talinn mestur draumafræðingur nú á tímum, Freud að nafni, hafi nýlega látið í ljósi svipaðar skoðanir, (án þess þó að skyra uppruna drauma eins og eg geri). Sjálfst rit Freuds

hefi eg því miður ekki séð, en það er minst á þetta í Gads danske Magasin, des. 1913 bls. 201. Mun þetta i augum margra lesenda minna vera máli mínu til stuðnings, og þá síður hægt að segja, að sú skoðun, sem haldið er fram, sé aðeins sérvizka úr mér. Eru Íslendingar svo ótrúaðir á, að í vísindum geti nokkuð verið hollað heima fengið, að jafnvel um íslenzka tungu og íslenzkar bókmentir, þykjast þeir margir síður mega treysta eigin viti en útlendu, hyað þá þegar ræðir um þau efni, sem engu síður liggja opin fyrir þar sem fólkid er margfalt flæira, og vísindi í meiri metum en hér á landi, í harðindunum og þorskdóminum.

III.

Það er vandritað um drauma. Þar er margt vandrakið og mikið af svarta þoku í hugum manna, og ýms „vantrú“ eða bjátrú, sem erfitt verður að gera við. Þó held eg mætti takast, að gera góðum lesendum skiljanlegt, hvers vegna svo mörgum draumum má helzt likja við rugl og missýningar; en líka hvernig eru hinar sterkustu likur til að í draumi geti það borið fyrir mann, sem er og á sér stað. Að þeir sem eru dáleiddir (hypnotiseraðir, svafðir; svafni mætti nefna hypnotisör); geta fjarskynjat, er víst, og fyrir meir en hálfri öld sagði Schopenhauer, að þegar menn efudust um slikt, þá væri það ekki af vantrú heldur hreint og beint af van-

þekkingu. En vanalegur svefn virðist ekki í eðli sínu ólikur því ástandi, sem menn komast í við dáleiðslu, einkum svefn þeirra sem ganga sofandi. Það er kunnugt bæði um sofandi menn og dáleidda, að þeir hafa vitað í hug annara, og eg verð enn að minna á þennan Victor, sem svaraði hugsunum þeirra sem hjástaddir voru, rétt eins og þeir hefði yrt á hann. Geri eg í stuttu málí þá grein fyrir draumum, að samstillingu komist á milli tveggja huga þannig að í hug sofandans komi fram nokkuð af vitund vakandans; sér þá sofandinn með augum vakandi manns sem getur verið í þúsund milna fjarlægð eða meir, og þykist vera hann. Stundum er þetta samband eða þessi samstillingu ófullkominn, draumurinn verður óljós, og þættir úr vitund sofandans og vakandans tvinnast saman og flækjast á mjög undarlegan hátt, og verður þetta ennþá ruglingalegra, ef samband sofandans er við fleiri vökuhungi en einn, sem líklega verður því fremur, sem samstillingen er ófullkomnari. Eg sé alls enga leið aðra en þá sem hér er bent á, til að skýra að menn sjá í svefni eins og í vöku. Menn sjá með annars augum eða annara. Og er það í þessu sambandi mjög eftirtektarvert, að mann getur dreymt að hann sjái framan í sjálfan sig, og sér þó ekki sitt andlit; það sem hann sér er andlit þess, sem litar það vökuaugum sem kemur í drauma sofandans. Þetta er auðskilið eftir minni

kenning, en eg sé enga leið til að skilja það, sé henni hafnað.

IV.

Það er ekki svo mjög erfitt að gera grein fyrir hvernig þetta geti átt sér stað. Maður horfir t. a. m. á fugl; myndinni sem kemur fram í augum horfandans samsvarar sérstakt hreyfingarástand heilans; af þessari hreyfingu stafar geislun út frá heilanum, og þegar hún bittir fyrir annan heila, leitast hún við að vekja samskonar hreyfingarástand í honum. Þetta er líkt því sem á sér stað við þráðlausar rafskýtasendingar. Að heili getur haft áhrif á annan í fjarlægð er vist. Kastið á þessari geislahreyfingu út frá heila mannsins sem fuglinn sér, er svo lítið, að á flesta heila hefir hún engin áhrif svo meðvitundin verdi þess vör; eiginhreyfing vakandi heila er svo miklu sterkari en það sem utanað berst; en nú getur verið að annar heili sé svo samstiltur, og svo næmur eða svo lítið afli í eigin hreyfingum hans, að þetta hreyfingarástand sem samsvarar myndinni af fuglinum í auga mannsins sem vér byrjuðum á, komi þar fram. Þetta á sér einkum stað ef móttakandinn er sofandi, hann dreymir að hann sjái fugl, vanalega óljóst og saman við margt annað, vegna þess að hann getur verið nokkurnvegin líkt samstiltur við marga heila, en ekki við einn öðrum mjög fremur; en ef það á sér stað, dreymir móttakandann að hann sé

maður sem fuglinn sér; blandist engir þættir úr hans sjálfss meðvitund saman við, þá er mjög líklegt að hann hafi fullkomlega gleymt draumnum þegar hann vaknar. En nú getur það, sem mér mun úr þessu án frekari skýringa, vera óhætt að kalla fjarmynd (af fugli í því dæmi sem vér höfum tekið) komið fram í vitund vakandi móttakanda, og verður þá úr þessu það sem á útlendu máli er nefnt Hallucination, maðurinn sér ofsjónir sem kallað er, hann sér með annars augum; er hin algenga skýring, að myndin komi fram í heila mannsins sem ofsér, án þess að þar komi nokkur fugl til nokkursstaðar, næsta fárádeg, og samboðin því mannkyni, sem stungið hefir verið upp á að nefnt væri ekki homo sapiens eins og áður hefir verið gert, heldur homo stupidus. Sé nú dómgreind móttakandans svo veikluð, t. a. m. sakir ofpreytu, að hann heldur að þessi fugl sem er í rauninni í þúsund milna fjarlægð, sé ekki nema, segjum 50 faðma frá honum, og búi hann sig til að fara að skjóta á þennan fugl, sem allir hjá standendur mundu kalla ímyndaðan, þá hagar hann sér eins og vitlaus maður, er brjálaður. Það sem geðveikralæknar nefna paranoia, er eftir því sem mér skilst, í því fólgjöld, að þættir úr annara meðvitund eða meðvitendum blandast huga hins veika og villa hann svo að hann hugar og hagar sér eftir því sem á við aðra en ekki hann. Hygg eg að vísindunum muni verða það mikill ágóði,

ef menn kunna að þiggja, að maður sem af alvöru leitar í vitið, og ekki vill dylja fyrir sér neina sína vitleysu eða mis-skilning, um stund hefir gengið af vitinu. Fyrir Íslendinga mun þetta reynast enganvegin þýðingarlaust, þareð ýmsir afreksmenn að viti, eins og áður er á vikið, hafa fengið að reyna sig á þessari sömu gátu. En eg held því fram, að í norrænu máli, sem einuig er réttnefnd íslenzka, sé beinni brautir til rétrrar hugsunar en í nokkru öðru máli. Mun eg rökstyðja þessa skoðun síðar, og benda á, hvers virði hún getur orðið þjóð sem hefir komið sér upp háskóla, sem ekki má vera svona alauður að útlendum norrænunemendum. Væri ekki so, við svo kunnan og góðan kennara sem háskólinn hefir á að skipa í norrænum fræðum, ef útlendingum þeim, sem oss er annast um að læri íslenzku, (Nordmenn o. s. fry., Indverjar) væru hér ætlaðar nokkrar ekki of óhöfinglegar háskólagestavistir.

V.

Teile den Höllnern die merkwürdigsten Einsichten mit, und sie werden dich stumpf anblicken und stumpf an dir vorüberblicken, deine Mit-Höllner. (Und doch giebt es in diesem Lande der überwiegendsten Blauäugigkeit, mehr latentes (und niedergetretenes) Genie, als sonst irgendwo unter achtzig Tausenden).

Nokkrum sinnum hefir mig í vetur dreymt drauma, sem mér hafa þótt furðu

fróðlegir og eftirtektarverðir. Líklega hefði mig dreymt svo oft í vetur, hefði mér ekki nærri altaf verið bannað að sofa þegar hvild gat farið að fast með morgnинum. Því að það var ekki fram-an af nótt, heldur altaf morguninn, sem mig dreymdi þessa einkennilegu drauma, og helzt eftir 7; get eg vanalega sofn-að á tímanum milli 7 og 9 ef fæst fyrir áhrifum utanað, þó að lítið eða ekkert hafi orðið úr svefni nöttina. En i allan vetur hefir nokkru fyrir $7\frac{1}{2}$ byrjað einhver glamrandi, sá hljómur, sem fremur öllu öðru bannar mér svefn, og staðið nokkra stund, og svo aftur nærri klukkutíma seinna. Hefir þetta ófæð haft af mér marg a fróðlega drauma og þó gert mér annað ennþá verra. En morguninn, sem mig dreymdi draum þann, sem hér segir á eftir, var, aldrei þessu vant, síðari glamrandanum lokið fyrir 8 og svaf eg mikil af tímanum milli 8 og 9. Frá þessu er hér sagt ekki af því að eg viti ekki að lesendum mínum fyrst um sinn mun flestum þykja því ofaukið, heldur vegna framtíðarinnar, sem man lesa ritgerðir minar með meiri athygli og meira skilningi en sam-tíðarmenn mírir, og vita betur, að hverju verk mitt stefnir, þó að unnið sé af þreyttum, og gegn erfiðu skilningsleysi.

Kveldið áður en mig dreymdi drauminn hafði eg talað við two mikla gáfu-menn, séra Guðmund Helgason og Pór-stein Erlingsson skáld. Hefi eg lengi veitt því eftirtekt, að það hefir mikil og

einkennileg áhrif á draumvitund mína, hverja eg hefi talað við á dagian, og þó miklu síður hvað það er sem þeir segja við mig, heldur en hitt hvað og hvernig þeir hugsa. Hvorugur þessara afburðamanna að viti lætur sér að vísu skiljað, að þegar eg t. a. m. segi þeim, að eg hafi séð og haft tal af íbúum annara hnatta, þá er eg blátt áfram að segja þeim frá staðreynd, en ekki frá neinni vafasamri útskýringu minni, sem ef til vill síðar kynni að reynast röng; en þó er hugarfar þessara manna slíkt, að það hnekkir miklu síður hugsunum mínum, en hugarfar flestra annara manna, sem eg á tal við og greiðir fremur fyrir mér, eins og draumurinn sýnir, sem seinna segir frá.

VI.

Þessi merkilegu áhrif, sem eg nefndi, skilja menn betur ef menn vita og í-huga, að það er til það, sem nefna mætti heilageisla. Þegar eg mintist á þetta fyrst í smágrein í „Eimreiðinni“ 1912, hafði eg aldrei vitað þetta nefnt, en þó hefir það verið gert. Til er rit frá 1908, eftir dr. Kotik, kennara við háskólann í Moskva, sem heitir Die Emanation der psychophysischen Energie. Rit þetta hefir eg ekki séð, en v. Schrenk-Notzing getur um það í bók sinni Materialisationsphaenomene, 1914. Dr. Kotik hefir komist að þeirri niðurstöðu, að samfara hugsunarstarfinu (o. s. frv.) skjóti geislum frá heilanum. Og þessir

geislar geta haft áhrif t. a. m. á pappírsblað. Kotik lagði fyrir mann óskrif-
að blað og svo myndabréfspjald; bað
hann manninn að hugsa mjög fast um
myndina á þréfspjaldinu og horfa í
nokkrar mínutur á auða blaðið, reyna
að hugsa sér myndina á því. Þetta
auða blað var síðan lagt fyrir mann á
öðrum stað, sem horfði á það nokkra
stund og gat svo sagt, hvernig myndin
hefði verið á bréfspjaldinu, sem hinn
maðurinn hafði haft í huga þegar hann
var að horfa á þetta sama anda blað.
Hér virðist hafa átt sér stað nokkurs-
konar eftirendurskin, fosforescens, „heila-
ljóssins“, og koma manni hér í hug
tilraunir þær, sem leiddu til þess að dr.
Gustave le Bon uppgötvaði það, sem nú
er nefnt „radiosaktivitet“; mætti ef til vill
á þessari leið komast miklu nær en nú
er, skilningi á „sambandinu milli sálar
og likama“.

En nú skal vikið að því, sem auð-
lesnara er.

VII.

Áður en sagt er frá sjálfum draum
þeim, sem er aðalefni ritgerðar þessarar,
vil eg hnekkja dálitið þeim hleypidóm,
að draumar og vitranir þurfi að spretta
af likamlegri veiklun, því að þetta
er hleypidómur. Að minsta kosti
er það áreiðanlegt, að mig dreymir því
fróðlegar, sem eg er styrkari og síður
veikur. Kemur þetta ekki illa heim við
það, að miklir draumamenn eða forspáir
menn, sem segir af í sögum, voru vana-

lega hraustumenni, eins og t. a. m. Sverrir
konungur og Sturla Þórðarson, sagna-
ritarinna, sem virðist hafa verið mikill
maður og sterkur, eins og þeir frænd-
ur margir. Og yfirleitt má hér minna
á fornmann voru, sem voru drauma-
menn og vitrana í meata lagi, og þó að
þær væri í rauninni að ræða um aukn-
ing mannlegrar skynsemi á leið að því
sem í Gimheimum gerist, með goðum,
þá sötti þær auðvitað margt i heimsku-
horf og snerist til vitspillis, eins og al-
gengast er hér í ríki heimskunnar. En
mikið ritgerðarefni væri það að segja
frá norrænum spámönnum og vitringum
frá öðru sjónarmiði nokkuð, og vænlegra
til skilnings, en gert hefir verið. Njáll
Þorgeirsson og hinn mikli og merkilegi
en þó um of júðskaði sænski spámaður
Emanuel Swedenborg, vóru likari en
menn hafa haldið, og er það skáði mik-
ill, að vér höfum ekki dagbækur hins
íslenzka vitrings, sem ekki var Svian-
um síðri. Swedenborg varð ekki skygn
eða ófreskur fyrr en hann var kominn
yfir fimtuð, en dreymdi drauma merki-
lega áður. Liklegast þykir mér, að orð-
ið ófreskr (sem er sama og clairvoyant)
sé afbakað úr ófröskur, frábærlega rösk-
ur, og er þetta mjög eftirtektarvert.
Mætti hér minna á Gretti, þennan ís-
lenzka Herakles, sem var ófreskur mað-
ur, og sá svo voðalegar sýnir, að jafn-
vel þetta afarmenni skelfdist við.

Grettissaga segir nokkuð óljóst frá
þessu, en þó svo að vel má skilja. —

Það sem mig vantar til að vera það sem í fornöld var nefnt skygn eða ófreskur (eða eitthvað líkt því sem með þessum orðum var táknað) er nú, að því er mér skilst, einmitt likamleg hreynti, og það einmitt sú hreysti eða sá tangastyrkur, sem fæst með góðum svefn. Ýmsir hafa gefið mér í skyn að það sem fyrir mig bar síðari hluta vetrar og vorið 1911, hafi staðað af veiklun. En því fer fjarri. Aldrei á æfi minni hefi eg verið jafnfjarri veiklun og þá; er það eini kafli æfi minnar, sem eg hefi mátt teljast sterkur, einkum eftir því sem þeir menn eru, sem ekki hafa æft likamann í uppvexti. Þegar svefninn bilaði aftur, minkuðu kraftarnir og fyrirburðirnir hurfu að mestu leyti. Annað mál er það, að eg var ekki alveg laus við óráð stundum, fram á sumar 1911. Hafði eg ekki getað áttað mig á ýmsu sem erfitt var að átta sig á, en eg skil nú miklu betur.

Fyr eða síðar munu menn skilja, að þetta er hérritað af því að eg bygg að það muni geta orðið til fróðleiks, en ekki af neinni yfirgnæfandi löngun til að tala um sjálfan mig. Sá sem hefir verið dálitið skygn og er í kunnugra lagi um þaun mun, sem er á því, hvernig talað er við mann og svo um hann, og um þá mannþekkingu og þá velvild, sem er tilþekkingust in inferno stupiditatis (þ. e. a. s. hér á jörðu), þarf satt að segja að herða huginn til þess að gera sjálfan sig mjög

að umræðuefni. Annað mál er, hvort það mun þykja einskisvert síðar, að gengið sé eitthvað á ríki hræsninnar.

VIII.

Draum þann sem hér segir, dreymdi mig 13. júní milli 8 og 9 um morguninn Upphafið man eg ekki vel; er oftastnær rugl í draumum fyrr og síðast, og kemur það mjög vel heim við þá skýringa mína, sem ádur er um getið, að i draumlifinu verði samstilling tveggja heila og meðvitunda, hreyflingarlag eins heila ryður sér um stund til rúms í öðrum; það sem kemur i meðvitundina meðan samstillingin er að komast á eða hverfa, hlýtur að verða ruglingslegt og beggja blands eða meir. Svo getur um tíma, verði samstillingin fullkomin, alt orðið frábærlega ljóst, og líkt sem í vöku væri, og svo var i þessum draum, sem nú skal segja.

Eg þóttist staddir í sal einum. Var þar margt fólk samankomið, karlar og konur. Var mér sem eg væri þarna vakandi kominn. Væri einhver kominn hér til Reykjavíkur með góðri greind og eftirtekt, en án þess að þekkja nokkurn mann, eða skilja nokkurt orð, og án þess að vita í hvaða borg hann væri eða í hvaða landi eða á hvaða hnetti, þá mundi hann þykjast líkt staddir og eg var þarna í draumnum. Eg virti með athygli fyrir mér andlitin; var svipurinn á fólkini annarlegur, öðruvísi en á því fólk sem eg hefi séð í

vöku, en þó ekki mjög. Líklega er óhætt að segja að það hafi margt verið eins og dálitið afmyndað í andliti. Ein-hvern grun hafði eg af því að eg mundi vera kominn í annan heim og hugði gott til að skoðast um.

Pegar út var litioð, blasti við turn, þar sem blöktu margir fánar eða flögg (blökur). Eg sá þetta eins glögglega og eg liti það vakandi augum. Ekkert af flöggunum þekti eg nema eitt, og er vert að geta þess, að því flæggi man eg vel eftir, rétt eins og eg hefði séð það i vöku, en hinum hefi eg gleymt. Munu menn, ef þeir hugleiða þetta, skilja betur, hvers vegna það er svo erfitt að munna drauma; til þess þarf að tengja við mína meðvitund ýmsa þætti úr annars vitund, eða annara, sem ekki vóru manni hugleiknir áður.

Flaggið (eða blakan) sem eg kannan-ist við, var með dönsku litunum, hvítur kross í ranðum dúki, en ekki var það þó danski fáninn, heldur merkiflaðg það, sem krossflægg nefnist, og er með þrí-hyrnu lagi (stander heitir það á dönsku). Dumbrauðara var það á lit en eg man eftir að hafa séð nokkurt dansk flægg. Verið getur að þetta hafi verið merki-flægg alt saman og var skift um eitt-hvað af þeim meðan eg horfði á þau, en ekki þóttist eg neitt skilja hvað þetta ætti að þýða. Aftur á móti skil eg vel að draumurinn stendur í nokkrum sambandi við, að fánamálið er á dagskrá, þó að ekki hafi það mál vakið mikl-

ar oldur í minnum hugsa. En i svefní fá einmitt annara hugarstefnur yfirráð yfir því, sem mér er eiginlegra, og það því tremur á verra veginn, sem eg sef verr. Rétt undir það eg sofnar, kann að bera fyrir mig fjöll og haf með þeim undrabláma sem eg hefi aldrei augum litið og ekki er til á þessari jörð; en þegar vilji minn hefir alveg slept tökum og eg er alveg sofnadur, koma slikir undralitir aldrei í drauma mína og munu varla koma eða ekki, meðan hugsanir annara, sjálfum þeim til skaða, eru wér eins andstæðar og nú.

IX.

Mikið sá af lofti úr sal þessum er eg þóttist staddur í og var gott veður og bjart skin. Og er eg leit til loftains bar fyrir augu mér það sem mér þótti mestum tilindum sæta í þessum draum, annað en það sem síðar segir. Eg þóttist sjá fugla two, var annar þeirra svartur og hafði eg aldrei slikan séð; var hann að elta fugl, sem líka var svartur nema eitt hvað hvítur á vængjunum. Og þessi ofsmótti fugl var það, sem athygli míni einkum snerist að. Sá eg fugla þessa engu síður greinilega heldur en riturnar og kríurnar, sem eg var að horfa á fyrir skömmu af bæjarbryggjunni. Kom mér þarna að góðu haldi að eg hafði vikuð saman (í Grænlandsför miuni) af hinni mestu gaumgæfni athugað flug fugla, og reynt að sjá mismuninn á tilburðum

þeirra, anuars hefði eg líklega ekki í draumi, þegar eftirtektin er svo miklu sljórri en í vöku, orðið þess var, sem nú sá eg. Vængirnir á þessum ofsjóttu fugli voru öðruvísi að beinalaginu en á nokkrum jarðneskum fugli. Kom það greinilega í ljós þegar hann vatt sér við á flóttanum undan alsvartni, að fingurnir í fuglshendinni vóru með öðru lagi en á fuglum hér á jörðu og hreyfanlegir. Hér er, þótt ótrúlegt kunní að virðast, um greinilega athngun að ræða og ekki neinn heilaspuna; það er að segja, mér fanst þetta þegar eg vaknaði og hygg að mér hafi rétt fundist.

Komist hefi eg að því, að réttara muni vera vegna sumra lesenda minna, að geta þess, að eg hefi tekið háskólapróf í náttúrfræði með framúrskarandi einkunnum, embættispróf, þó að ekki sé eg embættismaður og ætli mér ekki að verða, m. a. vegna þess að eg hefji meira að hugsa en svo, að eg hafi tíma afgang til að stunda embætti.

X.

Eg horfði á leik fuglanna um hríð, og var ekki laust við að eg findi til ánægjublandinna furðu er mér varð það ljóst, að eg sem er þó ekki neinn fuglafraðingur, hafði þarna gert athugun á fuglalífi annars hnattar. Kom mér síðar í hug, að undarlegir fuglar muni í draumvitrun eða „leiðslu“ hafa birzt fleirum en mér, því að svo standur í Sólarljóðum, sem ort hefir einn af mestu

snillingum. íslenzkra og allra bókmenta (en góðu landar, verið ekki að halda að það sé fyrir hæversku sakir hinna fornu snillinga, sem oss eru ókunn nöfn þeirra sumra; það er mest íslenzku vanþakklæti að kenna, þessu sama sem vill spara skáldalaunin, þó að þúsundum þyki kvæðin góð):

Frá því's at segja
hvat fyrst of sá ek,
þá's vask i kvölheima kominn;
sviðnir foglar,
es sálar váru
flugu svá margir sem my.

Það sést á þessu, að undarlega fugla, snoðna líklega — því kallar hann þá sviðna — hefir borið fyrir skálđið, er hann, likt og síðar Dante, sem er stórum frægari, en þó ekki betra skáld, þóttist staddur í kvölheimum eða helviti. Þetta útleggur skálđið eftir trú sinni svo sem hann sjái sálar fordæmdra; þarf eg varla að taka það fram, að eg er mjög á öðru máli um þessa „kvölheima-fogla“, og þykir þó athugun skálđsins hin merkilegasta.

Sá sem hefir fundið nýjar meginbrautir til sanns, metur marga mikils og engan einskis; en um margt verður hann að vera á öðru máli en jafnvél þeir, sem hann metur mest og það þó að ærið miklu torveldara sé að sjá, hvað muri sönnu nær, er hér er.

XI.

Vel getur hugsað, að það sem borið hefir fyrir höfund sólarljóða hafi verið

„skriðyrafuglar“ annarar jarðstjörnu, likir þeim sem lifðu hér á jörðu fyrir nokkrum miljónum áratuga (sbr. t. d. Tmr. bmf. 1904, ritgerðin hreyfing og vöxtur). Það lá mjög nærrí fyrir þann sem mikil hafði hugsað um eld helvítis, eins og miðaldamenn gerðu jafnan, að kalla súlíka alveg fjaðralausa „fugla“ svíðva. Það var eðlilegt, að menn gerðu sér hugmyndir um einhvern annan heim meðan þeir vissu ekki að það eru til óendenlega margar sólir aðrar en sú sem þessa jörð vermir, og ennþá fleiri jarðstjörnur. En furðu gegnir það nærrí því, hvað mönnum veitir erfitt nú á dögum, er þeir njóta þó góða af hugrafli Brúnós, Lamarcks, Spencers og margra annara, að átta sig á því hvað það er miklu skynsamlegra að setja súlíkar sýnir sem segir af í hinu fræga kvæði Dantes, eða í sólarljóðum o. s. frv., og í ýmsum trúarsögum, í samband við mismunandi þroskastig lífsins á ýmsum hnöttum í þessum mikla og furðulega heimi, sem menn vita ekki um nein takmörk á, heldur en að ímynda sér að þær stafi frá einhverjum öðrum heimi, eða eigi sér alls enga veru utan heila og meðvitundar þeirra sem sýnirnar sjá. Þessi síðarnefnda kenning verður líklega eitt af því, sem seinnar meir, þegar mönnum hefir tekist að stefna svo einhuga til skynsamlegra vits, að samband næst við fullkomnari og betri ibúa annara hnatta, verður nefnt til dæmis um það hvað þessu seinþroska mannkyni

hér á þessari litlu og erfiðu jörð á útjaðri vitheims hafi verið ósýnt um heimspeki.

XII.

Víkur nú sögunni aftur að draumnum. Er eg hafði séð þessa fugla, þótti mér sem vissa væri fengin fyrir því, að eg væri staddur annarstaðar en á þessari jörð, þar sem eg sit og er að skrifa fyrir þá sem ekki fyrst um sinn munu skilja mig nema sumir, ef þeir verða þá nokkrir. En til þess að skilja mig ekki, er vinastur vegur að lesa ritgerð mína með einlægum hug á að taka ekki eftir öðru en göllunum. Samt má nú enginn ætla að eg sé að biðja nokkurn að taka ekki eftir göllunum. Það er þvert á móti einlæg ósk míni að lesendunum dyljist ekki gallarnir á ritgerðum mínum. En lika óska eg þess, að ekki sjái lesendurnir fleiri galla en eru, og umfram alt, að ekki telji þeir það galla, sem einmitt eru beztna kostirnir.

Jeg þóttist nú snúa mér að einum af mönnunum þarna í salnum og spyrja hann í hvaða stjörnumerki jörð þessi væri, sem eg þóttist komiðin á. En nú þótti mér undarlega við bregða. Enginn varð til svarana, en furðusvipur kom á andlitin.

Eftir ekki langa stund segir þó maðurinn við mig nokkur orð, ekki allfá. Og nú kemur hitt sem mér þykir merkilegast í draumnum. Eg gat gjörla

greint hvert orð sem sagt var við mig, framburðurinn var einkennilega skýr, minti á íslenzku, og liklega latínu, miklu fremur en á miðaldamállýzkur eins og t. a. m. ensku eða frönsku; a-hljóð yfirgnæfði í málínu. En málid var mér með öllu ókunnugt; þó að eg gæti greint hvert orð, skildi eg ekki eitt, og hafði enga hugmynd um hvað maðurinn var að segja við mig. Sambandið milli míns og „sálufélaga“ míns á öðrum hnetti, var ekki svo viðtækt að eg vissi öllu hans viti, og mjög fjarri því, en var einkum í því fólgid, að það sem hann leit augum, kom fram í minni meðvitund eins og eg sái það sjálfur, og með nokkru af haus sjálfskend; hafði eg svo, þó i svefni væri, nokkuð af sjálfss míns viti til að draga ályktanir af því sem eg sá með annars augum, en þó var það aðeins nokkur hluti vökuvisins. Svefnvitið er undarlega tjóðrað og takmarkað. En hér kemur mér í hug sem oftar, að skilji menn ekki hugsunna, er þeim of tamt að hyggja orðin sem bera hana fram, gjálfur tómt.

Liklegt þykir mér, að sáluvisindin muni einhverntíma geta fært sér í nyt athugun eins og þetta, að meðvitand mínn var í því sambandi einnig við beyrnarfæri manna á öðrum hnetti, að eg gat greint það sem við hann var sagt án þess að eg þó skildi það. Hefði eg á annað bord getað skrifad, þá hefði eg getað skrifad upp hvert orð sem eg þóttist heyras, og málfræðingarnir fengið færí að reyna

sig á máli sem ekki er til á þessari jörð, fremur en fuglarnir sem eg sá með annars augum. Áhrif lík þeim sem eg varð þarna fyrir í svefni, hygg eg það sé, sem koma mönnum til að gera það sem i postulasögunni er kallað að tala tungum. Í vöku „heyrdi“ eg haustið 1910 orð á máli eða réttara sagt málum sem eg skildi ekki, og þótti mesta furða er eg náði einu sinni til skilninga á tveim slikum orðum; en þá gat eg ekki skrifsað og þau eru gleymd; þau voru ekki úr neinu máli sem eg kannast neitt við.

XIII.

Mér virðist sem mönnum ætti að veita hægar að lítu skynsamlega á það sem hér er verið að segja frá, ef þeir vilja ihuga að nú talast menu við, landa á milli, þó að ekkert sýnilegt eða áþreifanlegt samband sé; hvor hefir sína vél ósímtengda hinni, en hundræð milur fjarlægðin, eða hvað það var. Er mér það fullkunnugt, að frá sumum hnöttum hefir verið talast við með eitthvað svipuðum umbúnaði. Eon hærra stig er „hugtal“ án verkfæra.

EKKI er eg einna um þá hugmynd að það megi sjá með annars augum. Swed-enboð segir þar sem hann ritar um jarðstjörnurnar (On the earths of the Universe heitir enska þýðingu og er til hér á Ídsbs.) að þeir sem eru í öðru lífi, eða hinu megin, hafi getað séð með hans augum. En alt sem hann seg-

ir frá ástandinu hinumegin, á við aðra hnerti, að því er mér skilt, en eg býst nú við, að mörgum muni þykja hitt miklu trúlegra. Credunt quia absurdum (menn trúu heldur því sem ótrúlegra er). En rit Swedenborgs voru mér alveg ókunn þangað til 1912. Eg hefi verið frásneiddur því sem menn nefna mystik, dulrænu eða dalspeki, og má heita það enn, þó að nú lesi eg dulræn rit með áhuga. En það er aldrei til þess að gleðjast yfir hinu óskiljanlega og dularfulla, heldur af því að nú hefi eg eigin athuganir til samanburðar, og sé glögt, að margt af því sem áður hefir verið talið óskiljanlegt og trúaratriði, má setja í samband við þá vísindalegu þekkingu sem þegar er fengin, og færa þannig út svíð vísindanna. Mun eg i einu og öðru, og jafnvæli aðalatriði, hafa á móti mér bæði trúmenn og vísindamenn; hina fyrnefndu m. a af því að þeir eru hræddir um að hugarfar eins og mitt, stefni að því að svifta þá einhverju sem þeim er dýrmætt; en það er ætlun mína, að engin trú hafi nokkurntíma skapad sér eins glasilegan „annan heim“, eins og þessi heimur mun verða, einnig oss, ef vér fórum rétta leið. En hver tú leið, sem ekki er leið sannleikana, mun fyrri eða síðar verða ófær.

Visindamönnum er aftur illa við heila-spuna og hjátrú, og ef þeir sumir heyra nefndar æðri verur og ódaudleika, þá verða þeir undireins hræddir um að þar sé einhver viðleitni til að halda aftur í

miðalda áttina, til andlegs ófrelsis og þess bræðilega niðurdreps fyrir mannkynið, sem af sliku leiðir. En ekki er hér slikt að óttast; vil eg láta meta gildi hverrar skoðunar eftir því, hvernig verkfæri hún er til rannsókna, hvernig leið til skilningsauks. Koma hér að vísu til greina sum þau efni, sem mjög erfitt er að rannsaka fyrir einn, og samtaka þarf við. Og einkum ríður á að menn geti litið á slika viðleitni án óvildar, eða mjög óbifanlegrar vissu um, að ekki sé hér verið á eða nálægt réttri leið. Það er t. a. m. afleitlega óvísindalegt að vera sannfærður um að það sé rugl hjá mér að vera að tala um ibúa annara hnatta.

Einn slíkur var það, einn af þessum konungum, sem minst er á í „fyriburðum“, sem eg „heyrði“ segja að hann hefði horft á sum andlit hér á jörðu með mínum augum; þetta var haustið 1910, áður en eg vissi að Swedenborg hafði frá sliku að segja, og eg skildi þá ekkert í þessu; en eg man það ekki síður áreiðanlega en hitt hyða maður það var sem eg talaði við áðan.

XIV.

Býsna ótrúlegt mun það þykja sem sagt var, að sjá megi í önnur sólkerfi með annara augum, af því að þar komist á það, sem likja mætti við Marconi-samband; og þó gæti eg fært fleira fram þessari ætlun til stuðnings, en eg hefi gert, og eftir minu vitni get eg

varla efast um að hún er rétt. Reyni eg ekki að dylja fyrir mér, að margir eru mér fremri um margt; en að einu hygg eg mér engan fremri hér á jörð, óvilja á að ætla það sannleik sem er lygi, eða lygi og villu sem er sannleikur.

Saga lífsins hér á jörðunni virðist benda til þess að stefnt sé upp á við, til vitsambands milli hnattanna; og fyrst í draumi. Mun slikt raunar mjög oft eiga sér stað (og hafa átt lengi), þó að vanalega sé ófullkomil, og menn hafi ekki átt að sig á því ennþá.

En síðar, og því fyrir sem réttari spor eru stigin, verður þetta samband viðtækara og fullkomnara, unz allur þessi mikli og furðulegi heimur verður vort heimkynni. En langt er þetta undan, og því lengra sem fávirkunni tekst betur að troða þá niður sem fundvisastir eru á leið til sannleikans. Saga ví sindanna og heimspekkinnar sýnir hve feiki mikil hefir orðið ágengt í þeim efnunum, og er þó ekki alt talið. Og saga Brúnós og Servedes og fleiri, sem kvaldir voru til dauða fyrir sakir vizku sinnar og mannúðar, er hann dag í dag sögð af svo miklum sljóleik að það er bert hvorumegin söguritarinn, stundum Nobelsverðlaunamaður, hefði verið á þeim dögum, þó að hann verði nú að lúta nokkru af þeim sannleik sem pessir velgjörðamenn vorir fundu og kendu. —

En þetta sem menn nefna materialisationir, efnitöku mætti nefna það, og

þó fremur líkaman, hygg eg sýni oss, hvernig íbúar annara hnatta, þeir sem oss eru skylda-tir, muni birtast hér fyrst. Er ekki vist að þess þyrfti lengi að biða, ef tilraunir væri rétt gerðar. En til þess þyrfti þekkingin að aukast. Auðvitað er hér ekki um annað að ræða, en tilgátur, hvað liklegast þykir; en ýms rök mætti hér færa til. Menn verða að minnast þess, að eftir því sem talið er liklegast í vísindum, þá er hver likami samsafn eða samband, eða ef til vill mætti nefna það samfelli, af ýmiskonar mjög margbrotnum hreyfingakerfum eða hvirfingum. Og liklegt er að hvert hreyfingarlag, sendi frá sér öldur, sem leitast við að vekja sama hreyfiugarlag, þar sem ástæður leyfa. Tilraunir sem gerðar hafa verið, virðast beinlini benda til þess að likamir fullkomnara lífs eða aflimeira á öðrum hnöttum, gætu komið fram hér, ef þeir hefðu nægan stuðning í jarðneskum likömum og vitanlega líka í jarðneskum „sálum“. Til þess að reyna að skilja eitthvað í því hvernig þessi flutuingur verður, mætti ef til vill hugsa sér að hann væri í eðli sínu eitt-hvað skyldur flutningi rafstraumsins á málmefnum. Þetta er aðeins sagt til þess að gefa í skyn hvernig skýringar-tilraunir mínar stefna.

Nokkuð úr annari átt eru athuganir. Swedenborgs og indverskrapeskinga (sbr. guðspeki, þeosofi) sem benda til þess, að i sumum sólkerfum sé til svo full-

komnar verur, að þær flytjist af einni stjörnu á aðra, og birtist í ljósi miðlu; mætti hér einnig minna á trúna á, að Kristur muni koma „í skýum himins“.

Er hér undrunarefni mikil, og mis-skilninga og villu hætt. Og misskildar yrðu þessar hugleidningar ef þær kæmu nokkrum til þess að missa nokkuð af áhuganum á þessari jörd, sem getur verið svo fögur, eins og þarna um kvöldið, þegar silfurblámaði sjóinn undan Ei-junni, og lagði fyrir sævarilmann langt utan úr flóa.

En hér er svo margt, sem ríður á að reyna að bæta, og eg hygg að vér sleppum ekki til fulls við það sem hér er ófullkomið, fyrr en því er lokið; og það sem vér nú nefnum andlegt, nær ekki sinni fyllstu fullkomnun fyrr en það sem vér nefnum likamlegt, er fullkomið orðið. Er hér mikil efni og erfitt viðfangs. En þó munu sumir þegar skilja, hvers vegna sú stefna eða þær, sem leiddu til fyrirlitningar á hinu likamlega, hafa verið og eru þessu mannkyni svo háskasamlegar.

Slik stefna, og svo of mikil gleymni á, og of litill máttur þeirra sem bezt mundu, að skamma stund verður hönd höggi fegin, hefir því valdið að þar er nú of margt illa í rústum, sem bezt i öllu þessu mannkyni hefði mátt stefna til sambands við þá, sem lengra eru komnir. Þar heitir nú Íslendingar. En hvað sem verður, þá byrfti ekki að líða

margar kynsalóðir, aður þar risi úr rústum fegur, en jafnvel fegurst var aður.

XV.

Dásamlegt fræði var pér í dráumi kveðit en þú sátt hið sanna.

Sólarljóð.

Ritverk þetta minnir að því leyti á Sólarljóð að sagan um það sem fyrir bar í draumi, er mjög ofin útkýringa og hugleidingsþáttum ýmsum; gætir hér raunar mun meira vísinda en í snildarljóðum þeim er eg nefndi; en að ýmsu leyti öðru, er mér engin von annars en svo þyki sem langt sé á milli og Sólarljóða, til hins vegar. Mun hver sá sem nógu vel kann að lesa, kenna í þeim ljóðum, þó að ekki séu þau löng, arnáug óvanalega máttugs anda.

Og enn verður dvöl nokkrur á dráumsögunni. Vil eg skýra frá því sem mér þykir liklegast um orsök til þess, að menn þögðu við fyrst og urðu undrunarfullir er eg þóttist spyrja, hvar í heimnum eg mundi kominn.

Að þetta sem mig dreymdi voru ekki neinir höfuðórar eða draumskrökk, get eg varla efast um. Svo ótrúlegt sem það kann að virðast, þá mun eg hafa séð fugla fljúga í biljóna milna fjarlægð, meðan eg vissi ekki af kríunum nokkur hundruð faðma frá mér. Þessa ætlun mína mega menn ekki kalla trú, í þeirri merkingu, að hún sé ekki á rök-

um bygð. Auk þess sem það er kunnugt af ýmsum sögum, sem rannsakaðar hafa verið eftir föngum (hér má vísa til fröðlegrar ritgerðar eftir Einar skáld Hjörleifsson í Skírni) hefi eg sjálfur nokkra reynalu í þessu efni; mig hefir t. a. m. dreymt húsbruna á sama tíma sem var að brenda húsi margra mílna fjarlægð; en húsbruna dreymir mig mjög sjaldan, ekki árum saman, svo eg muni. Vitanlega er hér aðeins um likur að ræða; en dreymt hefir mig svo, að það verður naumast rétt að segja að þar sé aðeins likur fyrir, að eg hafi skynjað í svefn það sem gerðist, hefir það þó verið aflagað nokkuð. En þessi draumur minn frá öðrum hnetti, sem hér segir, var framúrskarandi greinilegur og likur vöku. Það er þess vegna sem eg segi hann; ekki af því að eg kunni ekki miklu stærri „tíðindi að segja af himnum“ eða réttara sagt öðrum jarðstjörnum. Samstillingin milli tveggja heila tókstí það skifti óvanalega vel, þó að svo langt sé á milli, að ljósið er árum saman að fara þá leið. En það er seinfara mjög í samanburði við hugargeislana. Þó að eg fari ekki frekar út í það hér, þá hygg eg, að til útskýringar á þessum draum kunni að þurfa gera ráð fyrir meðvitund mjög fullkominnar veru, sem við til beggja vor er samþættum stutta stund meðvitundir vorar, þó að býsna langt væri á milli. Mun svo reynast, að tilveran er og verður miklu furðulegri en þær allra lygilegstu hugmynd-

ir sem menn hafa gert sér um hana. En sennileikann reynum vér á sambenginu við það sem áður er réttast vitað. Og vona eg að geta einhverntíma sýnt fram é, hvilkt afbragðs samhengi má fá í margt það sem menn hafa ekki skilið áður, ef menn fára sér í nyt mínar athuganir, og líta á hlutina frá því sjónarmiði sem þær veita. Það má ekki gleyma því, að þessi mikli og furðulegi heimur, er meiri en mikill og furðulegri en furðulegur.

Pegar eg þóttist spyrja í hvaða stjörnumerki þessi jörð væri, sem eg þóttist staddur á, þá var það í raun og veru sálufélagi minn eða draumsköpuður, sem spurði. Orðið sálufélagi hefi eg eftir þjóðsögunni, sem eignar Sæmundi hinum fróða það. Nú verð eg að minna á, að það er eigi neinn hugarburður úr mér að sálu- eða heila-geislan eigi sér stað; jafn framúrskarandi gáfumaður og þessi rússneski dr. Kotik, telur það sannað. Og vilja menn lesa í Andvara þ.á., frásögn prof. Ágústs Bjarnasonar um það, hvernig kona var dáleidd í meir en rastar fjarlægð, (þ.e. maður hafði sterkt áhrif á hana í fjarlægð, einungis með því að hugsa til hennar) og hvernig Janet gat látið hana finna til í handleggnum, ef hann brendi sig, þó að hún væri í öðru herbergi. Það virðist undarlegt, að mönnum skuli ekki hafa orðið meira úr svo merkilegum tilraunum. — Eg hugsa mér nú, að eigi einungis hafi heilageislar úr öðru sólkerfi samlagast svo minni meðvitund,

þóttist þar kominn, þegar eg svaf og viði ekki af líkama mínum, heldur hafi einnig geislar frá mínum heila náð meðvitund þessa sálufélaga míns; og áhugi minn á að fá að vita eitthvað um þessa stjörnu var svo mikill, að þegar ar eg hugsa spurninguna sofandi, þá komu eigi aðeins orðin fram í haus meðvitund, heldur segir hann þessi íslenzku orð. Sálufélagi minn verður alt i einu eins og dálitið ruglaður, og fer að tala mál sem öllum var gersamlega ókunnugt. Af því varð þögnin fyrst og þessi undrun. Eins blaut að verða þó að hann hefði endurtekið spurninguna á þeirra máli. Óss mundi furða stórlega, fær ei hver hér í samkvæmi, sem öllum hefði virst óbrjálaður, alt i einu að spyrja á hvaða stjörnu hann væri staddir, og ekki sít, ef hann hefði fyrst spurt að þessu á máli sem enginn kann aðist við.

Líður nú að enda draumsögunnar. Þótti mér sem mér rynni í skap, er maðurinn hafði svarað mér þessum orðum sem eg skildi ekki í draumnum; liklega hefir svarið verið þess eðlis, að sálufélagi minn þóttist hafa ástæðu til að reiðast því, en „reiðigeislarnir“ náðu minni meðvitund, þó að eg vissi ekki hvers vegna reiðst var. Þóttist eg nú snúa mér að mæni sem eg hafði ekki séð áður, og mér virtist vera þar fyrir örðrum, og sýna honum einhver merki þess að mér mislikad; þóttist eg mjög áfram um að fá svarað spurningu minni

um það hvar í heiminum eg væri kominn, og þaen áhuga mun eg hafa lagt til í drauminn sjálfur. En þegar hér var komið draumnum, vaknaði eg, eða réttara sagt var vakinn, og um leið og eg vaknaði sá eg að eitt andlitið afmyndast eins og í kvöl.

XVI.

Oft hefir samtíðin — segir spekingur einn — talið þeim mónum helzt ofankið i mannlegu félagi, sem eftiröldin sá, að einmitt höfðu unnið að hinu nýtasta verki.

Eg fekk ekki að njóta draums míns. Einmitt þegar hann var að verða sem fróðlegastur, var þessu sjaldgæfa sambandi slitið, með hringingu. Þegar orð míns fara að mega sín nokkurs, og menn fara að sjá að eg er að starfa að ýmsu því, sem mjög þýðingarmikið er fyrir sjálfa þá að hafi góðan framgang, mun eg biðja þá — og það þó að við útlent trúboð væri að eiga — að hlifa mér við ónauðsynlegum hringingum. Það er satt, þó að menu trúi því fráleitt fyrst um sinn, að eg mun geta sagt þeim ýmislegt, sem býsna fróðlegt mun reynast, og sumt að eg hygg, sem ekki munu aðrir verða til að segja þessar ar jarðar mannkyni, fyrst um sinn. —

Þegar eg vaknaði var tilfinning míns mjög lík því sem eg væri að koma úr fróðlegu ferðalagi; svo glögt var alt í huga mínum og óruglingulegt, sem það hefði borið fyrir mig í ferð. Orðin

sem mér þótti sem við mig væri sögð, hursu þó óðara úr minni mínu og urðu ekki fest nema eitt; fór þar líkt og um flöggin, að það toldi af því að það hljómaði eins og orð sem eg þekki: gadda. Ekkert af hinum orðunum hafði eg heyrta eða séð áður.

Búast má við að það fari frá hjá mörgum lesendum fyrst um sinn, hvað þessi draumur er eftirtektarverður; mundi þeim þykja merkilegra ef sagt hefði verið frá stærri tíðindum, þó að lygisaga væri — eftir því sem fornmann nefndu — eða ímyndun tóm. En menn ættu að hugleiða þessa athugun á fuglunum t. a. m.; eftir mínu viti fæ eg ekki betur séð en að það megi svo nefnast, þó i draumi væri. Það má minna á, að það er sannað, að fjarskynjan getur átt sér stað. Eunfremur tilfinningasamband manna á milli. Auk sögunnar að ofan úr Andvararitgerð próf. Ág. Bjarnasonar, má nefna sögu sem Wallace getur um (í Miracles c. s. frv. bls. 257); er það merkileg samúðarsaga; en búast má við að ýms hjón sjái, ef þau athuga með greind, að samúðugra er þeirra á milli en þau hafa vitað, þó að ekki sé nú alveg eins og um Severnhjónir. Frú Severn finnur eins og högg á munninn einn morgun, á sama tíma sem maður hennar, i fjarlægð, er lostinn á sama stað af stýrisveif. Peir sem vandlegast hafa rannsakað þessi efni, telja sannað að hugsunarsamband hafi átt sér stað milli manna,

þó að þúsund milur væri á milli eða meir; og sama má segja um tilfinningasambandið.— Vonandi skilja menn hvers vegna eg nefni þetta, og að það er ekki af því að eg treysti betur annara reynslu en minni.

Vilji menn hugleiða þetta og annað slikt með skynsemd, munu þeir sjá að það er bjánaskapur einn að ímynda sér að það sem hér er ritao, sé nokkuð í ætt við rugl. Enda er sannleikurinn sá, að fyrirstaðan sem verður á því að menn sjái að hér er verið á réttri leið, kemur ekki af skynsamlegum rökum, heldur á aðalrót sína í hleyipídónum þeim, sem leynast í fylgnum huganna. Er þar við ramman reip að draga.

XVII.

ENN ER ATRÍÐI SEM ATENDUR FYRIR SKILNINGI Á PESSUM RITGERÐUM MÍNUM, SEM EG ÆTLA AÐ BENDA Á, MÉR OG BEZTU LESENDUM MÍNUM TIL GAMANS, ÞÓ AÐ EG KUNNI AÐ EIGA ÞAR Á HÆTTU AÐ VEKJA ÝMSAR GRUNSEMDIR, SEM VÆRU MÉR ALVEG SÉRSTAKLIGA ÓGEÐFELDAR. AÐ VÍSU ER ÓHÆTT AÐ SEGJA ÞAÐ, AÐ ALLAR GRUNSEMDIR ANNARA UM AÐ EITTHVERT RUGL EÐA RINGL SÉ Á HUGSUNUM MÍNUM, EITRA SYRIR MIG; EN SUMAR ERAU ÞÓ VERRI EN AÐRAR. VERÐI EG EINHVERNTÍMA RUGLAÐUR, MUN EG EKKI LEYNA ÞÓ AÐ SYO HAFI ORÐIÐ, FREMUR EN EG HEFI GERT UM SUMA PÁ HLUTI, SEM INJÖG ALGENGΤT ER AÐ REYNA AÐ LEYNA OG LJÚGA UM. —

Fyrir mjög mörgum árum var, eins og kunnugter, uppi á Gyðingalandi maður sem Jesúss nefndist. Sumir hafa raunar efast um að maður þessi hafi nokkurn tíma verið til; en sá eftihyggi sé ástæðulaus. Geri eg ráð fyrir, að mjög margt sé satt það sem frá honum segir í guðspjöllunum, enda hafa fleiri menn honum ekki ólíkir uppi verið, á ýmsum tínum og í ýmsum löndum. Segir að Jesúss hafi lagst út, og hafst við í óbygðum nokkra stund; bar þar fyrir hann undarlegar sýnir, og eina mjög líka þeirri vitrun Ólafs konungs helga, sem Snorri Sturluson segir svo vel frá í 202. kap. sögu hans; eins og Jesúss þóttist Ólafur sjá yfir öll ríki veraldar, og er sú vitrun í sögurni nefnd heilagleg og stórmerkileg. Mætti um þetta meira rita, þó að ekki sé það hér gert. Þegar Jesúss kemur úr óbygðum, virðist hann ekki hafa tekið til iðnar sinnar aftur, heldur farið að hafa undarlegar ræðar í munni. Hann hefir mjög ríka tilfinning þess, að hann sé í einhverju mjög merkilegu og nánu sambandi við mjög fullkomna veru, sem hann nefnir föður, og segir að guðs ríki sé nálægt. En greinilega útlisstun á þessari hugmynd eða þessum hugmyndum, er víst hvergi að finna í guðspjöllunum, enda ritar Ólafur því miður ekki sjálfur, einsog samtiðarmaður hans og líklega sálufélagi, spekingurinn Filó frá Alexandríu, sem einmitt hefir ritað sumt það sem hjálpar oss til að skilja hvernig á því

gat staðið, að Kristi fanst hann og „fadrinn“ vera eitt. Virðist Kristi í því og fleiru hafa svipað til eins af frægustu heimspekingum á síðari tímum, sem annars misskildi hann mjög að sumuleyti, Friðriks Nietzsche, að tilfinning þess að hin furðulegustu tiðindi væri í nánd, réði meiru hjá honum en skýr og rökleitin hugsun. Og verður þó að muna eftir, að lýsing guðspjallanna á Kristi er auðsjáanlega ófullkommen. Kristur virðist — eins og annar samtiðarmaður hans og ef til vill sálufélagi, Apollónius frá Tyana, sem var svo fríður sýnum að folk kom langar leiðir til að undrast hann í uppvexti — hafa verið ófreakur (clairvoyant) með afburðum, og hann studdi kenningu sína með því sem nefnt hefir verið kraftaverk. Þykir oss, sem höfum átt að oss á, að það sem nefna mætti lifgeislun á sér stað, ýmislegt ekki ótrúlegt í þeim sögum. Lifsafl hans var svo mikil og velyldin, að hann gat reist við fjör þeirra, sem sjúkir voru og máttfarnir. Það er jafnvel sagt um hann, einsog um Apollónius, að hann hafi vakið stúlkum upp frá dauðum. En vera má, að betra sé þó að trúá orðum Krists sjálfz um að stúlkan hafi ekki verið dán. Og ekki tókst Haraldi hárfagra að vekja aftur til lifsins Snæfriði, sem hann hafði þó „unnað svo með ærslum“ að honum fanst varla líf að lífa eftir. Ef til vill hefði Haraldi tekist ekki síður en hinum örðrum hárprúðu mönnum, Kristi og

Apollónius, hefði hann ekki svo marga drepið og drepa látið. Ýmsir lesendur Heimskringlu munu ef til vill hafa veitt því eftirtekt, að Haraldur konungur, sem var óvanalega stór og sterkur maður, og studdur af margra ást og samúð, var kominn nokkuð áleiðis með að vekja Snæfríði af dauða, þó að það væri ekki sjálfum honum ljóst hvaða tilraun hann var að gera. Virðist mér liklegt mjög, að Haraldur lúfa hafi gert fleiri kraftaverk en betta, sem nú var reynt að vekja eftirtekt á; og kraftaverkamaður var Ólafur helgi niðji hans, eins og kunnugt er. En þeir frændur voru of grimmúðlega skapi farnir; miðar slikt til að slita sambandinu við sliktan máttugan lífsdrottinn, sem geislædi dýrð sinni inn í huga Filós og Plotíns, og svo mjög í huga Krista, að honum fanst hann stundum vera sama og pessi drottinr; (nokkurskonar paranoia); sbr. orð Krista: eg og faðirinn erum eitt. Minna þau á, og eru sjálfsagt af sama toga spunnin, einsog hin undarlegu orð „eg er hann“, sem höfð eru eftir personeskum og indverskum spámönnum. Hver sem með eftirtekt hefir lesið pessa draumskýring, og man eftir því að lifgeislan á sér stað, og samvitund getur komist á, eða sálufélög, mun glögt skilja af hverju það stafar, að dauðlegum manni getur fundiat hann vera ódaudlegur guð: geislarnir úr huga guðsins fá um stund yfirhönd í meðvitund mannsins. Slikt hugarástand mundi.

jafnvel líklega nægja til að sýna tilveru guðs eða guða, þó að ekki hefði vitneskjá fengist um það á annan hátt. En orð Plotins t. a. m., spekingsins mikla, sem enginn mun ætla að ljúgi, sýna berlega, að sjálfur hefir hann séð dýrðlegar verur sem menn nefndu guði; hafa fleiri verið til frásagnar um slikt, og eigin reynsla míni kemur afbragðs vel heim við slikar fornar frásagnir. Vilji nokkur telja mér trú um að einungis sé um staðlausar ímyndanir mínar að ræða, þá ætlar hann sér of mikið. Hefi eg fylstu ástæðu til þess að treysta mér betur til að dæma um það sem eg hefi sjálfur séð og heyrta, heldur en nokkrum öðrum til þess að dæma það sem hann þekkir alls ekki af sjálfs reynd.

XVIII.

Þetta sem sagt hefir verið nú um hríð, varð að fara á undan, til þess að betur skildist, hversvegna mér þykir svo fróðlegt í því sambandi, sem vikið hefir verið á, það sem segir í niðurlagi 13. kap. hjá Matteusi. Þar er skemtilægla tekið fram sumt það sem mest hefir verið ýmsum fræðimönum til fyrirstöðu, er þeir voru að boða lýðum einhvern nýjan sannleik.

Matteus getur þess, að þegar Jésús kom í ættborg sína og talaði fyrir fólkini þar, þá „hneyksluðust“ þeir á honum. Er þetta ekki sonur hans Jóseps smiðs og hennar Mariu, sögðu þeir; höfum vér ekki séð hann vaxa upp án

þess að vér veittum því eftirtekt, að hann væri á nokkurn hátt líklegr til spámanns en fólk er flest? hvað ætli við séum að gefa gaum að orðum hans.

Bókin sem þetta er í, ein af vanskildustu og misskildustu bókum á jörðunni, (þó að þar sé margt ekki vanskilið hverjum þeim sem af sjálfum sér þekkir þá „trúarreynslu“, sem William James hefir svo ónógsamlega skilið og skýrt í frægri bók) er í svo margra höndum, að það gerir ekkert til, þó að það sem eg nú hefi ritað, sé ekki orðrétt eftir henni haft.

En þetta stendur þar orðrétt: „Og hann gjörði þar ekki mörg kraftaverk vegna vantrúar þeirra.“ Þetta skil eg þannig, að óvildar- og misskilningseislarnir frá sambærjarmönnum Krista, hafi að nokkru leyti lamað lífgeislan hans; kemur þetta ágæta vel heim við samúdarkenning mína. Af líkum rótum mun það vera runnið, að svo virðist, sem margir hafi þurft að vera samhuga, til þess að þeim gæfi hinarr „heilögu og stórmerkilegu“ sýnir, sem vitruðust Grikkjum í helgileyndunum (mysterium) í Eleusis; og eins, að ekki mátti segja frá hvað það var sem mönnum vitraðist. Misskilningur og vantrú annara á svo ótrúlega bluti, man hafa gert erfidara fyrir að sjá sýnirnar, þó að ihofshelgi væri.

Heilageislar, sem staða af skilningi og velvild, efla allar viðleitni annara í þær áttir; en misskiln-

ings og óvildargeislarnir eru eisum nekkurslonar eiturskeyti, og miða til að hnekkja góðri viðleitni. Er þetta sem nú var sagt, i góðu samræmi við ýmislegt í kenningum indverskra spekinga (goðspekinga), þó að ekki hafi eg þessa vitneskju þaðan. Þetta er ekki sagt vegna fordildar, heldur af því að það væri misskilningur, ef lesendur minnir héldu að eg væri goðspekimönnum háður í lífsskoðun minni, þó að ýmislegt sé líkt. Hygg eg að mig hafi borið að líkum brunnum og hina indversku spekinga, og hinn mikla spámann Emanuel Swedenborg, sem hinir austrænu goðspekimenn meta varla eins mikils ennþá og vert er. Swedenborg sá þó um suwt sem fyrir hann bar áður lauk, að það var ekki í öðrum heimi, heldur þessum: á öðrum stjörnum; virðist mér hann þar hafa verið á undan goðspekimönnum. Swedenborg var svo ágætlega skygn, að á síðnstu árum hans bar fyrir hann loftakip; sá hann þar með sinni heilasjón (visio cerebralis) hlut sem hann hafði aldrei búist við að sjá, og ekki var til á þessari jörð, á hans dögum. En þegar menn sájá með heilanum (eða annara augum), hættir þeim margfaldlega meir við að yfirsjást og missýnast eftir hleypidómum sínum, heldur en þegar um vanalega sjón (visio ocularis) er að ræða. Má pers vegna alt af gera ráð fyrir, að margt sé vanséð og misséð í vitrunum. Verður þar að fara bæði varlega, til að villast ekki út

i háskalega hjátrú, og djarflega, til að mitja ekki eftir i skaðlegri vanþekkingu. En mikill fjársjóður munu rit Swedenborgs, og eins athuganir goðspekimanna reynast þeirri vísindagrein, sem nefna mætti bioradiologi, lífgeislanafræði, þegar menn vitkast betur, og vísindamenn fara að sjá glöggar en nú, að til beggja handa (o: ekki einugis í hjátrúaráttina) má villast af leiðinni til sannleikans, út i andlegt ófrelsi. Meginskilyrði fyrir því að athuganir ófreskra manna geti komið til gagns, og vísindi orðið á þeim bygð, er að menn átti sig á því að alt sem slikir menn skynja eða misskynja, er í raun réttri, í þessum heimi. Fyrir en menn láta sér þetta skiljast, er ekki hald- ið áfram stefnunni í hinum miklu upp-götjunum Brúnós.

XIX.

Sól er á lofti, og enga stjörnu sér aðra en dagstjörnuna. Fjöldi af öðrum stjörnum sendir oss að vísu geisla sína, en samskonar áhrif frá hinu mikla himinbáli sem næst er, hrífa svo miklu sterkar á heila vora, að stjörnugeislanna gætir ekki, þeir ná ekki að setja heilann í það ástand. að mynd af stjörnu komi fram í hugum vorum. (Eg hefi minst á þetta áður í þessum ritgerðum, en rek þetta hér dálitið lengra af því að það getur orðið mikil og frjósamt umhugsunarefni fyrir hvern fróðleiksgjarnan, og greiðir fyrir skilningi á sumu því sem á eftir kemur).

Margir gera sér ekki til fulla grein fyrir því, hversvegna þeir sjá ekki stjörnuraar meðan bjart er; en enginn efast um að þegar dimmir, muai heiðríkjan aftur blika í stjörnum. Hafa um þá dýrðlegu sjón farið binum fegurstu orðum ýmsir spekingar og mál-snillingar í bundnu máli og óbundnu, eins og t. a. m. Cicró og Jónas Hallgrímsson. Og nú á tínum þarf enginn að óttast, að hann verði að undri og talinn ekki með öllum mjalla, þó að hann segi einsog Brúnó fyrst, að þessi smáu blikljós á himninum, fastastjörnurnar sem nefndar voru áður, séu sólir; og heldur ekki þó að hann geri ráð fyrir, að eigi aðeins séu sólir, heldur sólkerfi, og jarðstjörnur slöngvist kringum sól-írnar, þó að ósýnilegar séu augum vorum hér á jörðu. En segi einhver, að á ýmsum af þessum ósýnilegu jarðstjörnum, í óhugsanlegri fjarlægð frá oss, eigi hann nokkur skonar kunningja, þá fer að vandast málið, og hætt við að slikt verði talið ekki til vizku, fremur en hin djarfvitru orð Brúnós um fastastjörnurnar forðum. En þó er það einmitt þetta, sem eg segi; eg hefi „séð“ ýmis-konar mannken, sjálfsgagt á ýmsum jarðstjörnum; mér er kunnugt um haf og fjöll og ýmiskonar berg á sumum þessum ósýnilegu hnöttum, um hús og borgir og dýr. Eg sé nú sem stendur engar stjörnur, og engar verur, sem ekki eiga heima á þessari (jörð; en eg er jafn sannfærður um að eg hafi hvortveggja

néð, og vissan um það byggist, þegar öllu er á botninn hvolft, á sérstöku heilaástandi sjálfs mínn, og verður ekki á öðru bygð. Sannfæring mínn um að eg hafi séð mann á götunni áðan, ris af sérstöku heilaástandi, sem kemur þannig fram í meðvitund minni; og alveg eins sannfæring mínn um að eg hafi séð t. a. m. jötna, stærri miklu og öðruvísi á hörundslit en menska menn. En þó að eg geti í rauninni aldrei, eins og Schopenhauer hefir vísteinna bezt tekið fram, rannsakað annað en mitt eigið hugarástand, þá er eg samt alveg sannfærður um, að án þess að maður hefði verið þarna á götunni, hefði aldrei það heilaástand og hugar komið fram, sem eg tákna með orðunum að eg hafi séð hann. Og sama er að segja um jötnana. Eg hefi gert margar og samfeldar athuganir á þessum jötnum, get t. a. m. sagt að taugakerfi þeirra er snarvirkara miklu en taugar menskra manna; og ætti einhver að fara að segja mér, sem hefi ástundað að skilja hugsanir hinna mestu spekinga, og sjálfur gert vandasamar rannsóknir, að jötnarnir og allar þeirra athafnir séu ekki annað en tilbúningur míns eigin heila, sem hafi tekið upp á því að skapa svo eg sá og heyrði, það sem mér hafði aldrei í hug komið að ætti sér stað, þá finst mér hann gera sig að barni í anda. Að þessar furðulegu verur sem eg sá, hafi ekki verið skapaðar af mínum heila, virðist mér eina vist og að maðurinn sem eg sá á

götunni, var ekki hugarburður úr mér. En því óliklegra og óvanalegra sem það er sem einhver segir frá, og sé þess ekki kostur að ítreka athuganirnar þegar vill, því fremur ber að líta á, hvað mikla hæfileika sá sem sannfærst hefir um ótrúlega bluti, hefir til að athuga, og draga ályktanir af því sem hann athugar. Hygg eg að í þeim efnum eigi eg skilið meira traust en margir; hefi eg svo að ekki verður móti mælt, oft gert óvæntar og merkilegar athuganir á svæðum, sem mjög merkir fræðimenn höfðu rannsakað á undan mér, stundum skömmu á undan, og stundum hefi eg athugað jafnvél það, sem nafnkendir visindamenn höfðu einmitt tekið fram að þeir hefði ekki fundið á þeim svæðum. Hér ræðir um ýmislegt það, sem bæði má sjá og þreifa á. Og náttúrlega fer eg ekki að efast um það sem eg hefi sjálfur séð, þó að annar eins merkismaður í náttúrufræði og A. R. Wallace, hafi í hárrí elli, sennilega vegna þess, að bibliukúgunin frá barnsárunum fór aftur að fá vald yfir heila öldungsins, látið í ljósi þá skoðun, að ekki mundi vera til mannkyn annarsstaðar en á þessari jörð. En að Wallace, þó fjörgamall væri, hraktist út í aðra eins fjarstæðu, getur hjálpað til að skilja, að ekki er auðhugsuð sú hugsun, hvaðan öll trú á guði og opinberun sé rannin. En það er mér augljóst orðið; „brjálssemi“ mínn haustið 1910 hefir komið mér í skilning um það svo að ekki getur

verið um misskilning að ræða í aðalatriðum. Vitsfiringin varð mér til heimskufirringar og mér auðnaðist að ráða þá gátu, sem svo margir hafa fengið að reyna sig á; virðist það vera í fyrsta skifti sem nokkur maður á þessari jörð hefir ráðið þá gátu. Þa i sögu hvers mannkyns hefst nýtt tímabil, þegar sú gáta er ráðir, og vísindalegar rannsóknir hefjast á þeim grundvelli. Þá fer að drága til þess að breytá megi svo batnáður með í, tegundarnafninu stupidus, hinn heimski eða hinna fífiski, sem bezt á við það mannkyn er þúsundum alda sssman hefir uppi verið á þessari jörð, án þess að geta komist í skilning um ýmislegt það sem mestu varðar að vita, til þess að endir geti orðið á annari eins helvízku og styrjöldum t. a. m. og hverskonar mannskemendum og illvildarathöfnum.

XX

Ekki skulu menn láta sér koma til hugar, að hugsanir þær, sem nú var sagt nokkuð af, séu lokleyza ein eða jafnvel vitsfiring; heimskufirring er hér um að ræða, hina mestu. Og ekki skulu meun vera of fljótir til að vantreysta því sem hér er sagt, fyrir það eitt, að ýmsar mínar hugsanir reka þeir sig ekki á, þó að þeir leiti í ritum hinna frágustu spekinga. Það þarf ekki mikla þekking í sögu til að sjá, að það er óvarlegt mjög, að vera fljótur að dæma þá dóma, sem miða til að

hnékkja viðleitni þeirra, sem leggja stund á að auka ríki sannleikans. Saga vísindanna sýnir ömurlega, að hinar merkilegustu hugsanir og athuganir hafa vanalega átt litlum skilningi að fagna fyrst, og litillar samúðar notið oft þeir, sem einmitt hefðu getað orðið öllum lýð að mestu liði. Því að vitkun er undirrót allra umbóta á högum mannkynsins. Ríki heimskuunar — og þessir ófjöldartímar sýna bezt hve máttug hún er ennþá — væri sennilega undir lok liðið á þessari jörð, ef ekki hefðu jafnvel vísindamenn verið of sljóir og stundum beinlínis einsog ófúsir á að láta sér skiljast, hvar vaxtarbroddur sannleikans var, og að þar var kalhættast og mátti þó sízt kals. Hefir petta nokkuð komið af því að menn hafa viljað halda áfram sinni stefnu, en áreynsla mikil að breyta henni; vita altopf fáir ennþá, að það að hugsa er erfiði; má líkja hverri nýrri hugsun við vandasamt stökk sem lengi þarf að æfa sig undir ef vel á að takast. Almenningur viðar en hér á landi, á eftir að átta sig á því, hvílikur þjóðarsakaði það er, þegar vísindamenn og lista, verða að hafa í hjáverkum það starf sem þeim er hugfólgnað, eða lenda í fátaðt ella, og geta þá heldur ekki unnið af alefli. Að vera skamm-sýnn er ekki nærrí eins oft og menn ætla, sama sem að vera hagsýnn.

En þakkarverð framför er það frá því sem áður var, að nú þarf enginn að óttast að hann verði bundinn við

staur og brendur, þó að hann hugsa einhversstaðar framúr.

Til dæmis um hvað mikið hefir vant að á að vel væri, jafnvel löngu eftir að hætt var að svifta menn frelsi og lífi fyrir mikil afreksverk mannkyninu til vitkunar, má nefna sögu Thomasar Youngs. Á það ekki illa við hér, því að Young var maður sem skildi margt um geislán betur en áður hafði gert verið. Var hann einn af ágætustu gáfumönnum sem uppi voru í Evrópu á oldinni sem leið, ef til vill eitthvað svipaður afreksmaður að viti og eðlisfræðingurinn Faraday eða jarðfræðingurinn Poulett Scrope. Á enska ríkið, og alt mannkyn, slikum mönnum miklu meira að þakka, en alment er viðurkent. Þegar minst var á Young í blöðum eða tímaritum — eg hefi petta eftir áðurnefndri bók Wallace — þá var það likt og í þessu sýnishorni: „ennþá einn fyrilentur, og í honum ennþá meira af heilaspuna, af villum, af ógrundvölluðum tilgátum og ástæðulausum tilbúnungi, alt á sama svæði, og frá hinum frjósama en þó svo gagnslitla heila þessa sama æfinlega dr. Youngs“.

Ennfremur er sagt, að þessar kennningar Youngs leiði ekki til neinna nýrra tilrauna eða rannsókna.

Dannig var andinn í þeim ritgerðum, sem réðu því, hverjum augum þúsundir manna litu á Young og starf hans. Virðist ekki ósennilegt, að Young hefði orðið eldri, og afrekað ennþá meir, hefði

löndum hans verið sanner um hann sagt. Var sannleikurinn sí, að þetta var einn af máttarstólpum vísindanna, framúrskarandi í meir en einni vísindagrein og eigi aðeins ágætur að þekkingu heldur einnig að ritssild. Og meginþætti í vísindum vorra tíma, má einmitt rekja til hugsana sem fyrst feddust í hinum frjósama heila Younga.

XXI.

Grosse Einsichten, wie solche der hier ange-deuteten ökologisch-en Einteilung der be-wohnten Himmelskörper zu Grunde liegen, sind die schwierigsten An-fänge eines Brück-enbaues, der uns einst aus der Hölle weg, zu den Göttern führen wird; (vorausgesetzt, dass es nicht bei der Hölle bleibt).

Af þessu sem sagt hefir verið má enginn ráða að nokkur, sem er það al-vara að leita sannleikan, — sem veit að einungis á þann hátt, getur hann verið í liði með þeim sem er fullkomid af, fullkomin segurð, fullkomin ástúð, þegar allur sigur er uuninn, — sé hald-inn af hégbomlegri löngun eftir hrósi og ytri viðurkenningu; hafa menn stund-um, nokkuð af skynleysi og nokkuð af illgirnd, brugðið þeim um slika hégbó-magirnd, sem lengi voru pagadír eða niddi-r niður, en brugðu standum fyrir sig að geta þess ef eitthvað hafði verið sagt eða gert þeim til los, af því að þeir vissu að gagnvart skilningsskorti

almennings, stoða engir eigin verðleikar þeirra sem helst vinna að vitskun, heldur aðeins viðurkenning sunnara á verðleikunum; sbr. ritgerðina íslensk heimspeki, Skírnir 1908.

En til þess að vera ekki bagaður í starfi sínu, er nauðsynlegt, að einhverjir, og helst sem flestir, sjái að verið sé að vinna það sem nýtilegt er, ekki s'zt ef um ólikar rannsóknir er að ræða sem hér segir nokkuð af. Sagi eg ekki það sem á eftir fer, af því að eg viti ekki, að sumir, sem vita of lítið í lifgeislunarfræði, munu telja það vitleysu, sjálfum sér og mér til skaða. En þó veit eg til sanns og fiun glöggar og glöggar, hvernig misskilningshugsanir annara liggja yfir mér einsog nokkurskonar þoka, vaða inn i huga minn þegar eg sofna, og spilla og aftra þesskonar sambandi, sem lýst hefir verið í þessari ritgerð — menn verða að muna, að fjaráhrif hugsana eru sönnuð — en banna ennþá miklt gjör, að geislar frá hinum dýrðlegu og ágætu verum sem Gimheima byggja, geti náð huga minum, mér til styrktar og vitauka. Það þarf ekki nema þunt þokulag til þess að taka fyrir sólskinin. — Hinum bygðu hnöttum virðist mega skifta frá sjónarmiði líffræðinnar í ýmsa flokk, eins og t. a. m. Gimheima, þar sem dauðin er sigráður, hið mikla samband komið á, og goðin, hinir „réttlítu skína eins og sólin“; og svo Helheimana eða Helvítí, þar, sem er illvild, þjáningsar og dauði,

og menn eru ekki einusinni farnir að skilja, að alt líf stefnir að ólíku sambandi sem vikið var á. Í hvaða flokki þessi jörð er, þarf vist ekki að taka fram, þó að miklu verri séu Helvítinum og til þeirra stefnt með hverri mannskemd, hvort sem er af grimd eða fávizku. —

Misskilningsþokan þessi sem eg gat um, hefir aukist síðan menn fóru að lesa þessa ritgerð. Örfáir hafa lesið hana með þeirri tilfinning, að nokkuð sé verið að vinua fyrir þá, örfáir hafa skynjað, hvað það er sem er unnið hér og hvar í ólíku ritgerðum. Og þó erum vér, sem metum mikils það sem á einhvern hátt er vel gert, ennþá með þakklæti að lesa það sem ritað var af skilningi og mannúð, fyrir hundruðum og jafnvel þúsundum ára. — En eftir að hafa lesið þessa ritgerð, gera margir sér ennþá lægri hugmyndir um athugunarafli mitt og dómgreind, en áður; nærrí ótrúlega lágar, sumir. Mundí eg geta farið miklu fleiri ólikar „ferðir“, sem sagt hefir verið af, og fróðlegri, ef einhverjir, og helst margir af lesendum mínum, létu sér skiljast, að skyringin mína á eðli drauma er í aðalatriði rétt, og að þegar eg segi þeim með fullri vissu, að eg hafi séð ibúa annara hnatta, þá segi eg satt, segi þetta ekki af því að eg sé fábjáni, heldur af því að eg hefi hinum gildustu ástæður „til sannfæringar minnar; hér er ekki um „trú“ að ræða, heldur vísindalega sannfæringu,

enda má sjá eftir s, að frá sjónarmiði verðandispekkinnar (evolutionism) er það sem eg segi, ekkert ósennilegt, heldur þvert á móti. Eg hefi notað mér þann grundvöll sem Herakleitos hefir lagt, Lamarck og Spencer og aðrir, til þess að reisa á honum íslenzka heimþeki. Og þó fært fleira í undirstöðurnar og séð sannleikann sumstaðar, þar sem vísindamern ýmsir hafa haldið að enginn væri. En þó fer því hið fjarsta að á þeirri leið, sem hér er farin, verði vakn upp aftur forn hjátrú; gæti menn þess vel, að þeir skilji ekki um of orð míni eftir hleyipídónum sínum. Hér er einmitt verið á þeirri leið, sem til fulls liggar burt frá allri hjátrú og mun leggja undir yfirráð vits og greindar einnig það sem svo mikil hefir verið talað um — nærrí því eins og það væri happ — að engin skynsemd næði til. En hinn mesti sannleikur er oft býsna „úmáttuligr“ fyrst, og hefir oft orðið að lúta i lægra haldi — í Helheimum.

XXII.

Hver sem hyggur einhver megin sannindi rugl eitt og staðleysu, heimskar allan huga sinn.

Geri menn nú dálitla tilraun, og aðstoði mig í þessum rannsóknum, sem sjálfum þeim stefna til mikils góðs. Geri lesendur minir ráð fyrir, áður en þeir sofn, rétt til reynslu, að eg hafi rétt fyrir mér, að það megi komast í slikt samband við þá sem á örðrum

hnöttum búa, að dreyma megi líkt því sem menn væri sjálfir staddir á svo furðu fjarlægum, og þó að öðru ennþá furðulegri stöðum. Hafi meun svo þann síð, þegar þeir vakna að morgni, að hyggja snöggvast að því hvað það var sem þá dreymdi — en sleppi ef til vill fyrst um sín forntízku draumatrú sinni; slikt má taka betur upp síðar og hafa vísindi við.

Ef — eða þegar — svo einhverjum skilst einhvern morgun, af eigin skilningi, að hann vaknar frá því að sjá sem með eigin augum, það sem fram var að fara á örðrum hnetti, þá hefst nýtt timabil á æfi hans; mun hann brátt, ef mér ekki skjálast, verða þess var, að skiloingur hans hefir magnast, tengið hugsananna aukist. Mun honum einnig þykja mun rýmra um sig en áður, og una betur hag sínum, þó að við heldur þróngan kost eigi að búa.

Ekki sízt vil eg biðja elskendur að gera þessa tilraun, og gæta vel að, hvort þau dreymir ekki bæði sama, eða réttara sagt nokkuð líkt. En muna verður eftir því, að svo mjög sem mönnum hættir við að missýnast í vöku, þá er þó margfalt hættara við sliku í svefni (visio cerebralis); til þess að athuga vel í draumi verður að vaka vel og taka vel eftir um daga. Hvæt eg engan til þess að fara að lifa í draumum um daga, fremur en í örðum endurminningum.

Mun eg svo enn segja nokkuð af „ferðalagi í annan heim“, í þeirri von

áð það verði til skilningsauks. En fyrst ætla eg þó, í stuttu máli, að vekja eftirtekt á því, hvernig það sést í ljósi hinnar nýu lifgeislunarfræði, að draumlifl ð er næsta líkt því ástandi, sem nefna mætti tvíveru (double personality) eða sálu-kifti, og tundum kemur „af sjálfu sér“, þannig að maðurinn verður einsog umskiftingur, einsog skiftist á í honum tvær sálar; en stundum má framleiða með svafningu (dáleid-lu) En í svefni er þetta algengt, ein og eg hefi leitast við að sýna nokkuð framá, og einmitt orsök draumlifsins: geislau vakanda eða nokkuð af henni, nær svo miklu valdi í sofandi likama, að það er nærrí því einsog hann hafi skift um sál. Er engin furða, þó að oft gangi illa að munna drauma.

XXIII.

Non solum mihi, prope defesso, eum propria stupididitate dimicandum, sed etiam cum „aura stupidifica“ ceterorum, et non cum aura solum.

1.

Það er alt annað en auðvelt viðfangs-efni, að sýna framá að Íslendingar séu örðrum Nordurlandapjóðum nauðsynlegir til þess að þær geti fullkomlega rétt við eftir málspilling og vitsmunamissi miðaldanna, og orðið þar sem þær eiga að vera, sín vegna og als mannkyns, í fylkingarbrjóstinu á braut réttra framfara. Það er ekki árennilegt, að sýna fram á þetta um þjóð, sem er í

jafnmikilli órækt og Íslendingar eru ennþá, og jafn þrásnúin til fylgis við margt erfiðlega fjandsamlegt því sem bezt hefir verið islenzkt. En þó verður þetta að gera, ef ekki á verri framtíð fyrr íslenzku þjóðianni að liggs, en skyldi. Og ekki sízt af þessum ástæðum, er mjer það áhugamál, að landar mínr skilji, eða vilji láta sér skiljast, að þótt hér sé Íslendingur á ferð, og stefni eftir því sem sjálfum honum þykir liklegast, þá er þó verið á viðsri leið til visinda um mikilsvardandi efni, sem alt hefir verið á reiki um áður, af því að undirstöðuna vautaði. En undirstöðan í þessum efnum, er nákvæmari athugun en áður. Því að það er það sem eg legg til málsins, og réttari slyktanir, en heilaspuna einmitt miklu síður en aðrir.

2.

EKKI ÞYKIR MÉR ÓLIKLEGT, AÐ ÞAÐ VERÐI UPPHAF MIKILLA TIÐINDA, ÞEGAR ÞAÐ VERÐUR ALMENT VITAÐ, SEM VITA MÁ, HÉR Á LANDI FÝRST, UM EÐLI DRAUMA. OG SKAL NÚ ENN GERÐ NOKKUR TILRAUN TIL AÐ MÖNNUM VERÐI ERFIÐARA EN ÁÐUR, AÐ LÁTA SÉR EKKI SKILJAST HYÐÐ DRAUMAR ERU.

Það er fjarskynjunarþátturinn í draumliðinu sem eg vil sérstaklega vekja eftirtekt á, og hvernig sú fjarskynjun verður. Hugir vakanda og sofanda samþættast, meira eða minna, af því að vit eða heilageislun vakanda, nær yfirráðum í meðvitund sofanda, þar sem skilyrði eru fyrir samstillingu. Studdist eg við

refgeislun, eins og hún er t. a. m. notuð í þráðlausari rafritun, til að skýra þetta. Muu ekki sízt þeir sem meira vita um gerð heilans en eg, geta séð að þessi aðferð míin er eðli yisindanna fullkomlega samkvæm, enda skýrir þetta svo auðskilið er, hvernig fjarskynjan og „hugsanaflutningur“ getur átt sér stað; en ekki hugkvæmist mér nein önnur aðferð til að skýra það, enda veit ekki til að það hafi verið gert¹⁾.

Nú má snúa þessu nokkuð fyrir sér á ýmsa vegu til þess að það skiljist betur. Heilageislun vakanda vekur í sofandi heila líkt ástand því, sem hán stafar af sjálf, þannig að ef t. a. m. A. er á ferð úti og sér örni, þá getur til-svarandi heilaástand, *hugarmyndin* af e-ri-num, flutst yfir í vitund B. sem liggur í rúmi síua og sefur, og dreymir hann

þá að hann sjái örni (eða ef til yill hrafn, hafi hann ekki séð örni sjálfur í vöku). Vér gerum ráð fyrir að nokkur- konar sálufélag komist á með A. og B., og getur það verið á svo háu stigi, að B. þykist sofandi vera það sem A. er vakandi. Enn má segja þetta þannig, að andi eða sál A. hafi farið í B., eða að B. sofandi sé nokku- raskonar andlegur umskiftingur, sálu-skifti hafi átt sér stað. Gerum nú ráð fyrir, að A. líti í spegil; þá dreymir B. að hann sjái sjálfan sig. Furðar hann sig í svefninum ekkert á því, að hann sér annað andlit en þegar hann leit í spegilinn daginn áður. En sé draumurinn skýr, áttar hann sig þegar hann vaknar á þessu breytta út-liti, og þegar hann er spurður um draum-inn, segir hann að sig hafi dreymt, að hann væri orðinn (með einhverjum til-teknunum hætti) öðruvísi en hann er. Eg hefi átt tal um þetta við framúrskar-andi gáfumenn, er slika drauma hafði dreymt, og hafði enginn þeirra að því er mér virtist, áttar sig á því, að það sem gerst hafði, var í raun réttri þetta, að í draumi hafði honum þótt annar maður vera það sem hann kallaði sjálfan sig, að hann hafði í svefninum sjálfskend eða sjálfavitud annars manns. Ekki er mér heldur af bókum kunnugt um að menu hafi áttar sig á þessu sem eg gat um, en það er meginatriði þegar skilja skal drauma, og að því er mér virðist, er engin leið að skýra það

1) Eftir að þetta var ritad, hefir professor Águst Bjarnason, sagt mér býsna eftirtektar-verðar sögur af Jóhannesi hinum draumskygna, sem kallaður hefir verið drauma-Jói. Kann eg dr. Águst þökk fyrir að hafa vakið eftirtekt mína á þessum manni. Vil eg óska Íslendingum þess, að þeim auðnist að láta sér farast svo við þennan mann, að ekki verði þjóðarskömm. Þessi maður virðist hafa fjarskynjunargáfu á óvana-lega háu stigi, þó að hún sé ekki komin fram í vökuvitundinni enn, svo mikil beri á; mundi hann líklega geta orðið oss til mikils og árið-andi fróðleiks ef rétt er á halldið. Honum riður á að fara ekki að missa svefn. Hann er nú á sama aldri og Swedenborg, þegar hann varð skygn í vöku. Réttast væri líklega að ráða honum til að banna alveg að spryrja sig í svefni, fyrst um sinn.

öðruvísí en hér hefir verið gert. Sjálfan hefir mig oft dreymt að eg væri öðruvísí en í vöku, og var lengi áður eg áttaði mig á, að sofandi hafði eg þózt vera annar maður, en vakandi¹⁾. — Sé litid yfir alt líf mannsins, í svefn og vöku, þá er það ljóst, að hann hefir ekki eina vitund, ekki tvær (double consciousness tvívitund eða double self, tvívera) heldur margar. Margvisleg sáluskifti eiga sér stað, „andar“ eða „sálin“ margra annara, fara í manninn í svefn. Verður ós betta ennþá ljósara ef vér ihugum það sem nefna mætti tvilyndi eða tvívitund, eða sáluskifti. Gerum vér þá það viðindamannsbragð, að sjá líkingu með því sem menn hafa ekki átt að sig á fyrr að væri sama eðlis, og skiljum með þeim hætti, hvorttveggja betur en áður. Það er með þeim hætti, sem menn færa út ríki viðindanna, og er óhætt að ráða hverjum sem vill glöggva sig betur á þeirri aðferð sem hér er höfð, til að lessa hinn fróðlega 4. kafla í bók dr. Guðm. Finnborgasonar, Hugur og heimur. Er það mesti misskilningur að halda að það sem er viðindalegt, þurfi nauðsynlega að vera leiðinlegt, eða torskilið. Það sem mikið erfiði hefir verið að skilja fyrst, má ef laglega er að farið, gera greindum lesendum auðskilið og skemtilegt að lessa. —

1) Hér ræðir um það sem framtíðin mun telja undirstöðu athugun.

Bæzt er til að átta sig, að hugleiða fyrst þau sáluskifti (sálusflutning, tvílyndi) sem kemar fram við viðindalega tilraun. Læt eg nægja, að nefna eitt slíkt dæmi, og tek það úr bók eftir dr. B. Sidis (The psychology of suggestion, 1911). Ær formáli fyrir bókinni eftir nafnkunnan sálufræðing, William James. Sidis gerir tilrann til að skifta um sál í heilbrigðum manni sem hann nefnir F. V., og gat fengið sál dr. Deadys, læknis sem viðtaddur var tilraunins og sjálfur skýrir frá, til að fara í hann; (áðurnefnd bók bls. 255). Dr. Sidis svefur (hypnotiserar) F. V., og segir þegar hann er svafður og viljalaus, að þá er hann hafi verið vakinn aftur, skuli hann, að gefa merki, halda að hann sé dr. Ready. Þessi tilraun til að gera umskifting úr F. V., tókst ágætlega. Þegar merkið var gefið, varð F. V. einsog höggsdosa fyrst, og augu hans döpruðust; en eftir skamma stund jafnaði hann sig aftur, og þá hafði hann gleymt hver hann var, en hélt að hann væri dr. Ready. Audi Deadys var farinn í F. V. svo rækilega, að hann mundi ekkert eftir sjálfum sér en viði vitu Deadys. „Hann létt nærrí því í ljósi minar instu hugsanir“, segir dr. Ready.

Hver maður hlýtur nú að sjá hvað þessi sáluskifti F. V. eru lík draumi þeim, er mann dreymir, einsog hann væri annar maður, og hvað þessi tilraun stytður þá tilgátu, að sáluskiftin í svefn,

stafi einsog þarna eftir svafninguna, af heilageislun frá öðrum manni. Því petta, að „sál“ Deadys fer í F. V., skýri eg auðvitað þannig, að heilageislun Deadys hafi framleitt það ástand sem hún stafaði af, eða komið á sínu „öldulagi“ í heila F. V., sem bugaður hafði verið og búinn undir þessa samstillingu með og í svafningunni. — Hafa verða menn það hugfast við þessar skýringartilraunir, að enginn vafi getur leikið á því að heilageislun á sér stað; sjálfur hefi eg séð síðla geisla (í rauninni sá eg þó ekki að þeir kæmi frá heila heldur frá höfði); hefi eg einsog áður er á vikið, enga ástæðu til annars en að treysta sjálfum mér betur til að dæma um mínar eigin athuganir, heldur en örðrum um það sem þeir hafa ekki séð.

XXIV.

Hver göð athugun og
hver göð hugsun er leið
að annari betri.

Umskiftingssástand F. V., hefir ber sýnilega verið mjög líkt draumi. Hefði F. V. munað eftir þessari leiðslusálinn sinni þegar hann tók aftur sitt eigið vit, þá hefði hann sennilega sagst hafa dreymt að hann væri orðinn læknir, en ekki áttat sig því, að í draumnum var hann sem annar maður.

Sáluskipti mjög lík þeim sem dr. Sidis gat þarna gert með tilraun, verða stundum „af sjálfu sér“. Sidis segir t. d. (bls. 132) frá stúlkum sem nefnd er Alma

Z. Stúlka þessi hafði verið mjög efnileg, hæði til bóknáms og likamsíþrótt, ofþreytist í höfði, veikist, og eftir það fer að koma fram í henni stundum eins og önnur sál. Í þessu umskiftingssástandi, var likað því sem hefði farið í hana andi Indiánastúlkur; hún hafði þá sínar sérstöku endurminningar, sitt mérstaka orðfæri og sína sérstöku þekkingu, aðra en þá sem hún hafði aflað sér á skólaárum sínum. Útskýring min er sú, að eins og það var andi Deadys sem kom fram í umskiftingssástandinu, eins hafi það verið Indiánastúlka — og auðvitað lifandi stúlka en ekki dauð — sem með fjargeislunaráhrifum, stilti meðvitund Ölmu eftir sinni. Ekki þykir mér óliklegt, að Ölmu kunni að hafa dreymt einhverntima, áður en hún veiktist, að hún væri sílik stúlka, og væri það máli mínu mjög til stuðninga, er þessa getið hér til þess að þeir skuli fremur grenslast eftir síliku, sem kunna að eiga kost á að rannsaka slik sáluskipti. Hefðu þeir dr. Sidis og dr. Deadys betur skilið þýðingu þessarar tilraunar sem af er sagt, þá mundu þeir ófá að hafa reynt að komast eftir, hvort ekki hefði svipuðu umskiftingssástandi viljað bregða fyrir í draumum F. V. eftirá.

Alma giftist, og urðu þá enn sáluskipti; fór að koma fram í henni einsog karlmannssál, á köflum. Er það ekki svo undarlegt; má víst oft á elskendum athuga einhverja veru af sáluskipti.

um. Sjálfur hefi eg átt kost á að at-huga, á kvenmanni sem eg var nákunnugur, ástund sem viðist talavert á leið að því að vera sáluskifti. Hugur þessarar konu breyttist svo etundum, að það var líkast því sem andi manns, sem hún unni mjög, færi í hana; og í eitt skifti, þegar mikil bar á þessu, sá eg greinilega svip þessa manns yfir kounni eða réttara sagt í kringum hana, því að það var eins og svipurinn kæmi fram við geislun frá henni. Ýmsir lesendur kunna að halda að þetta hafi verið hugarburður minn, en svo var ekki. Aldrei hafði eg, áður en þetta varð, séð getið um síka eða svipaða athugun, og það var alveg laust við að eg væri að reyna til að ímynda mér nokkuð slikt sem eg sá. Hefði það verið minn eigin heili sem skapaði þeanan svip, þá er ekki ólíklegt, að eg héfði þótzt sjá hann oftar, þegar mér kom maður þessi í hug.

Kenning goðspekimanna um svipi eða myndir skapaðar af huga manns (thought forms) hygg eg helzt vera villu, einsog hina fráleitu skynvillukenningu vestrænna vísindamanna. Sé eg vel að margt í kenningum goðspekimanna er stórmerkilegt, og eins fólkisjálf, bæði „meistararnir“ indversku og herra Leadbeater — þessi fyrirtaks rithöfundur — og frú Besant. En mjög sýnist mér skorta að, að undirstaðan í þeim fræðum sé eins vísindaleg og orðið gæti. Mun til mikilla tíðinda draga, ef gott samstarf kemst á milli vestrænna vís-

inda, sem ennþá eru til munna of þróngsýn, og hinnar í mörgum greinum av furðulegu austrænu speki, sem ekki er nágu jarðsýn enn. En það er ekki auðvelt, að vera vongóður hér á útjárdi vitheims; vitneisti mannkynsins á þessari jörð, hefir glæðst svo erfðlega, að nærrí virðist tvísýna á, að ljós geti orðið af, svo dugi til að komast á rétta leið.

XXV.

Hver góð hugsun er leið að annari betri. En það verður að skilja hana; hvað góður vegur sem er, þá verður hann ekki farinn fyrr en komið er á hann.

1.

„Það lá við að hann talaði mínar leyndstu hugsanir“ (he almost expressed my inmost thoughts) segir dr. Deady í áðurnefndri bók um F. V., þann sem tilraunin var gerð með. F. V. mátti vel heita brjálaður meðan hann var svo á sig kominn að hann hugðist vera annar maður, læknirinn Deady; en þó að hann væri vitskertur, þannig að hann viði ekki af sjálfum sér, þá var hann einnig vitaðinn: hann vissi margt, sem honum var ókunnugt áður en hann varð að umskifting, með þeim hætti sem áður segir. Menn mundu í fornöld á Gyðingalandi hafa sagt að F. V. hefði anda, og þarna var nú alveg augljóst, að sá andi sem var farinn í F. V., var andi dr. Deadys.

Hefði F. V. í umskiftingsástandinu getað átt að sig nágu mikil til að vita,

að hann var að vísu ekki dr. Deady, heldur einsog orðinn að honum andlega, einsog sama sálin í þeim báðum, þá hefði hann kunnad að segja: eg og Deady erum eitt. Og hefði einhver farið að furða sig á því að þessi maður, sem var ekki læknir, talaði einsog læknir, og t. d. sagt: hvaðan hefir þessi maður lærdóm sinn og hefir þó enga til sögn hlutið? Þá hefði hann getað svarað: minn kenning er ekki minn, heldur Deady; sbr. Jóh. guðspj. 7. kap.

2.

Tilraunir einsog þessi, þegar andi Deadys var fenginn til að fara í F. V., skýra fyrir oss meginatriði í sögu Krists, einsog hán er sögð í guðspjölluum.

Ymsir af þeim sem sáu Krist og heyrðu, héldu að hann væri brjálaður, hefði anda, eins og þeir sögðu. Virðist afarlíklegt, að það hafi nokkuð verið af slíkum sökum, sem Kristi varð svo gramt i geði við suma landa sína að hann kallaði þá eiturorma og nöðrukyr, og sagði afdráttarlaust, að þeir væri af ætt andskotans. Hér skal ekki farið út í að hugleiða hvort þessi orð Kristi kunni ekki að styðjast við einhver meginannindi í alheims liffræði, og eins sagan um miðgarðsorm og t. d. höggorminn í Paradís forðum; en slikt kynni að verða efni í ritgerð einhverjum dýrafraðingi, sem hefir ihugað, hversu sundurleitar eru ýmsar framsóknarbrautir í dýraríkinu, og er nógu viðsýnn til að vita, að það er álika sennilegt að einungis þessi eina

jörð af þeim ótölulega grúua jarðstjarna sem til er, sé lífandi verum bygð, einsog að einungis væri líf til í einum dropa sjávarins en engum öðrum.

3.

Þeir sem á síðari tímum hafa viljað halda því fram, að Kristur hafi verið hálfbreyjalaður aumingi, hafa bersýnilega rangt fyrir sér. Hitt er miklu líklegra, að Kristur hafi verið framúrskarandi að líkamsatgjörv. Um samtíðarmann Krista, gríská spekinginn Apollónius, sem virðist hafa verið svo líkur honum, er tekið fram að hann hafi verið hinn fríðasti sýnum; og Sókrates, annar spekingur grískur, sem að vísu var ekki neinn fríðleiksmáður í andliti, var svo heilsugóður og harðger, að orð var á gert, og voru þó til samanburðar grískir íþróttamenn, einhverjir hinir hraustustu sem verið hafa. Sókrates hefði getað sagt einsog Kristur: eg dæmi einsog eg heyri; báðir þóttuð heyra einhverja rödd, sem þeir hugðu vera rödd guðs.

4.

Par sem Gyðingar sögðu um Krist, að hann hefði anda, þá höfðu þeir óef-að rétt fyrir sér. En sá andi sem haun hafði var andi guðs, eða réttara sagt, einhvers af guðunum. Því að guðirnir eru fleiri en einn; þarf eg ekki annara að leita um þetta; sjálfur hefi eg séð fleiri en eina slika veru sem eg hygg hafi komið hinum ágæta speking Plótinusi, og öðrum, til að trúua á guði; mun eg ekki draga dul á þetts, hvort

sem fleiri eða færri gera sig að fíflum á frásögn minni með því að telja slikt skynvillu og markleystu, enda verður það ekki nema um hrið; þegar stundir líða, mun mönnum verða það sem eg hefi ritað, að miklu liði og skilningsauka.

Áhrif guðsins — hvort það var hinn æðsti guð læt eg alveg ósagt — á huga Krists voru svo rík, sálufélagið á svo háu stigi, að Kristi fanst sem andi sinn væri sameinadur þessari veru, sem hann nefnir föður sinn á hinum. „Eg og fadirinn erum eitt“, segir hann, og „áður en Abraham var, er eg.“ Og honum fínst þessi vera leggja sér orð i hug og munn og segir: mínn kenning er ekki min, heldur þess sem mig sendi. Fleiri spekingar í Austurlöndum hafa sagt likt og Kristur, og verður að skýra það á sama hátt. „Eg er sannleikurinn“ sagði al-Hallay, persneskur maður, sem numið hafði af indverskum spekingum, og liflátinn var fyrir trú sína 922 e. K. Og annar Persi, Junayd, sagði: „Eg er sannleikurinn, eg er hinn sanni guð“ (Browne: A literary history of Persia bla. 427—28).

5.

En á Norðurlöndum var fyrir löngu Óðinn. Og raunarr voru við, á bjartari sólskinsöldum en nú eru, fleiri Óðnar en einn; því munu Óðinsheitin vera svo mörg; trúi eg ekki Snorra þar alveg, þó að mér þyki sögn hans öll hin merkilegasta og telji meira satt í en gert er, og

liklegt mjög, að Óðinn í Sigtúnum hafi göfgastur verið, hann sem var svo fagur og göfuglegur álitum þá er hann sat með sínum vinum, segir Snorri, að öllum hló hugur við. Óðinn þýðir hinn óði; sbr. að Gyðingar sögðu að Kristur væri óður. Á segan af Óðni og Ásum meira skylt við söguna af Kristi og postulunum, en menn hyggja. En þó er ekki svo að um neina stælingu sé að ræða. Eins mætti segja að eitt eldfjallið stældi annað. Var margt misskilið um Óðinn, og í þeim fræðum, sem hann kendi, einsog í kenningu Krists, og hefir oss þó sitt-hvað fagurt varðveiszt í Eddunum; eignum vér það að þakka konungsættum þeim, sem frá Óðni voru komnar og til Íslands fluttust, til þess að varðveita hér, á þessu vorharðr, en stundum svo fagra landi, þann neista sem ekki má deyja, eigi ekki alt mannkyn að biða tjón af. Var fagurt samband med Óðni konungi og hofgoðum hans, og hinum himnesku guðum, er heir nefndu Áesi (einsog Etrúskir); sálufélagið var á svo báu stigi, að reinna ófust saman sagnir af Ásum á himni og jörðu, guðum sem heima eiga á örðrum hnöttum, og mönnum á þessari jörð; kemur þetta greini-lega fram í hinni dýrmætu sögu, sem nefnd er Gylfaginning.

6.

Löngu áður en nú var af sagt, þegar kirkja sú sem ekki alveg með réttu hefir verið kend við Krist, hafði stórsplitt og rangsnúið hinu fagra málí, sem

goðin sjálf höfðu kent þeirri mauntegund, sem bezt var að sér ger, var uppi í Svíþjóð einn af niðjum Óðins og nefndist Emanuel Swedenborg. Honum voru gefnar sumar íþróttir Óðins; hann „skifti hönum“ líkt og Óðinn eftir sögn Snorra Sturlusonar, og „för á einni svipstund á fjarlæg lönd“, eða með öðrum orðum, hanu samþætti huga sina hugum annara á hinum fjarlægstu stöðum, og varð af sliku „stórliga fróðr.“ Swedenborg fanst einsog Kristi sem drottinn hefði sent sig, og me gum vér vera þakklátil fyrir, að hann hafði þrek til að segja frá vitrunum sínum — úr ýmum af þessum mörgu vistarverum, sem Kristur talar um í húsi föður sína á himnum, og öðrum — og létt sér ekki nægja að rita bibluskýringar, eins og vinir hans óskuðu að hann gerði; voru menn í Svíþjóð, á Swedenborgs dögum, lítið fyrir nýjar opinberanir, líkt og verið hafði á Gyðingalandi á dögum Krista.

EKKI er þess getið um Swedenborg, að hann hafi gert kraftaverk einsog Kristur og Óðinn. Kann þetta nokkuð að hafa komið af því, að hann hefir ekki verið maður eins öflugur og þeir; en þó miklu valdið um, að enginn „trúði á“ Swedenborg í lífanda lífi, þar sem fjöldi manna trúði á Krist og Óðinn. Kristur virðist hafa verið öflugastur þegar fjöldinn trúði á hann. Þá var það sem hann gat aukist svo að lífsaflí uppi á háu fjalli, að hann fór að lýsa,

einsog verur þær á öðrum hnöttum, sem hafa sigrat danðann, eða eru komnar miklu nær því takmarki en mannkynið hér í helheimi og ríki heimskunnar. Og þessi sterka lifgeislan mun einmitt hafa komið af sambandi við slíkar verur. — Mjög ólikt ástandi Krista á fjallinu er hrygð sú og titringur, sem Matteus segir frá i 26. kap. En þá mun fjöldinn hafa verið orðinn honum alveg fráhverfur. Líklega hefir það orðið almennings álit, að Kristur væri háska-lega brjálaður, þegar hann fór að segja, að sá sem æti hold hans og drykki blöð hans, hefði ellift líf, enda er þar nokkur vorkunn, jafnvel þeim lýð, sem margt undarlegt orð hafði heyrat af munni spámannna, sem höfðu eitthvað misskilið goðin, einsog vill oft verða á jörðu hér, jafnvel þeim sem vitrastir eru voru mannkyns. Virðist ekki auðvelt að skilja hvað Kristur hafi átt við með þessum orðum, en óhætt mun vera að gera ráð fyrir, að það eigi ekki sít við um orð Krista, sem sagt hefir verið um kennningar goðspekinga, að flest megi til sanna vegar færa, ef nágu vel er að verið að skilja. Líklegast er, að það sem átt er við sé að Kristur mundi geta aukið mönnum lífsfjör af sínu lífsaflí, líkt og hann sjálfur hafði á fjallinu fengið þátt í lífsaflí guðanna, og að hann væri mönnum nauðsynlegur „meðalgangari,“ til þess að þeir gætu komist í það samband við goðin, sem þarf til þess að jörð vor færst úr flokki helheim-

anna, en geti orðið goðheimur, eða komist á þá leið. Virðist Kristur stundum hafa haldið, að skamt gæti verið til þess sigurs. En bó mun ekki ástæða til að gera sér svo fagrar vonir, meðan það sem sterkast stefnir í þjóðfélögum mestu menningarlandanna, leiðir til þess, að miljónir berast á banaspjót og önnur ennþá verri morðvopu, en margt það sem verast er og skadlegast framtíð mannkynsins, þrifst líkt og maðkar í hræi.

XXVI.

Ein Naturforscher, ein Mann des guten und geübten Sehens, hat als erster, das Wesen aller Offenbarung erkannt. Nie wurde auf diesem Planeten eine bedeutungsvollere Einsicht gewonnen. Es gilt nun diese Entdeckung eines Isländers zu entdecken, und es wird alsdann bald zu Ende sein können mit dem scheußlichen Vorspiel zur Geschichte der Menschheit. „Ungläubigen“ wird empfohlen, ab und zu über die Geschichte der grossen Einsichten und der grossen Einsichtigen, nachzudenken.

1.

Dag og nött er eg að velta fyrir mér efninu í þessum kapítulum mínum. Vandinn er mikill og margvislegur, og væri það einnig þó að t. d. þráleikin fiðla og illa, hefði ekki farið að láta

til sín heyra oft á þeim tíma, er starfssamur og uppgefinn heili gæti helzt fengið hvild. Eg verð til þess að gera mér hægra fyrir að halda áfram, að gleyma að varla má gera ráð fyrir að nokkur skilji mig fyrst um sinn; en það er ekki svo auðvelt að gleyma því, þar sem hver hugsun og hver lifshræring þess, sem í ríki heimakunnar (in inferno stupiditatis) vinnur það, sem eg er að vinna, er einsog á móti straum. Eg verð að kappkoða að haga svo orðum mínum, að það sem ritad er, sé líkt og lykill að sem mestu af því, sem ekki er ritad, og gera mér sem mest far um að leiðbeina svo greindum lesanda að hann misskilji sem minst; er betta því vandasamara sem eg verð að ráða honum til að breyta lífsskoðun sinni, og lita á mjög margt öðruvísi en áður. Á yngri árum hætti mér mjög við að ætla að skynsamir menn mundu auðfengnir til að taka upp réttari skoðanir, ef þeim væri með röksemd sagt frá góðum athugunum, sem gerðu súkar breytingar óumflýjanlegar. Æn nú trúer nú mikil färin að veikjast; eitt er vísindi og annað vísindamenn, að eg nú ekki tali um þá, sem heita mega óhæfir til vísindalegrar hugsunar. Hér væri ekki helheimur enn, og hætta á fullkomnum í áttina til ankinnar helvízku, væri ekki mankynið hér á jörð (homo stupidus) eins ónógsamlega sannleitið og raun ber vitni. Menn vita ekki nögu vel ennþá, að hver sú leið, sem ekki

Heggur til sannleiks, liggur fyrr eða síðar til þjáningar, hversu glæsilega sem kann að áhorfast fyrst.

Sumir halda, að það kunni að skyggja á þá, ef aðrir finna einhvern sannleik; en það er ógnar misskilningur; af sannleikanum ber birtu en ekki skugga.

2.

Á sumu því, sem drepið hefir verið á í þessum greinum, getur enginn vafí leikið. Að eg hefi skynjast verur, sem heima eiga á öðrum hnöttum, er t. a. m. eins vist og það sem eg er sannfærðastur um annað. Og einhverntíma kemur sá dagur, að menn munu skilja, að með súlikum orðum er blátt áfram verið að segja heim sannfréit, en ekki frá neinni tilgátu, sem betri athuganir kynnu að geta hrundið.

En annað, einsog það sem hér fer á eftir, er tilraun til að fá með samanburði það yfirlit, sem nauðsynlegt er til þess að geta átt að sig og komist lengra.

Til þess að gera sér grein fyrir því sambandi eða sálufélagi guðs og manna, sem mun hafa sitt sér stað í Óðni, í Kristi, í Buddha, (hin norræna mynd nafn-ins er Boddi, en Boði er líklega réttast) og í öðrum, sem áður voru nefndir og ekki nefndir, má hugsa eigi einungis um rafgeislun, einsog minst hefir verið á syrr, heldur einnig um það, sem nefnt er í rafmagnsfræðinni ileiðing; (induktion), straumur í einum umbúnaði vekur straum í öðrum; og raurar mun einnig í þessu vera um nokkurskonar

geislun rafmagnsins að ræða. En rafmagnið má, þó að sanlíkingin sé ekki fullkomir, kalla nokkurskonar sál eða anda rafmagnsvélarinnar, og rafgeislar og lifgeislar hygg eg sé í eðli sínu skyldir.

Mönnum mun þykja það, sem sagt var um sál rafmagnsvélarinnar, mjög „efnis-hyggju“-kent, og er þar til að segja, að um mína heimspeki eiga hin vanalegu gömlu orð, materialismus, o. s. frv. hvergi alveg við, einmitt af því, að stefnt er til að breyta nokkuð skilringi á þessu öllu saman.

Víkur hér að meira vandaefni en svo, að rætt geti orðið til nokkurrar hlitar í þessari ritgerð; en þó get eg ekki alveg leitt hjá mér að minnast nokkuð að það hér.

3.

Eg hygg, að nokkuð mætti glöggva sig á því sem hér rædir um, ef sagt er, að hið líkamlega sé tilraun hins andlega til að taka á sig nýtt eigin; mun hið andlega verða ennþá fullkomnara en áður, þegar sú tilraun hefir tekist, að fullkomna hið líkamlega.

Eg hefi hvergi í ritum rekið mig á slika hugsun sem þessi orð eru spöttin af. Plótinus, einn hinn ágætasti spekingur, virðist hafa haldið, að til þess að ná hinni æðstu fullkomnur, yrði að yfirgefa hið líkamlega; eins er skoðun goðspekimaðna; en hvergi varð þessi stefna eins rík og í katólsku kirkjanni. Afleiðing súlra skoðana var hnignun lík-

amlegrar fegurðar, því að alt sem miðaði til að efla hana, var álitid óþarft og jafnvel syndsamlegt. Óz jafnvel nú á dögum, þegar talaverð breyting er á orðin frá því sem var á miðoldunum, gera myndasmiðir ekki önnur eins líkneski og Grikkir eða Rómverjar; það skortir svo mikil á, að þeir hafi aðra eins líkami til að smíða eftir. Hér á landi skorti marmarann, en sögur vorar, þar sem þær eru beztar, jafnast að sinu leyti fullkomlega við listaverkin grísku, og margt virðist benda til þessa, að norrænir fornmann hafi ekki að fegurð verið síðri Grikkjum og Rómverjum. Og hið „holdlegara“ hugarfar heiðinna fornmannna hafði ágætan rétt á sér; svo óvæulega sem virðist horfa, þá er hið líkamlega áttin til hinnar fullkomnustu fullkomnumnar. Að fyrirlíta hið líkamlega, er að hverfa frá þeiri átt. Æu ekki er eg að tala um að dylja skuli, eða draga undan rannsókn, nokkra galla. Því mun fjarri fara, að líkamlegri fegurð verði á æðra tilverustigi niðursleppt. Þessi líkami vor er einisog vísir, sem á fyrir sér að þroskast, jafnvel þó að dauðinn virðist eyðileggja hann til fulls. Æu þó að telja megi vist, að „sál“ mannsins sameinist æðri veru, og varðveisitist þar þrátt fyrir dauðann, þá er líkaminn svo mjög mannsins eignasta eigin, að mér virðist rangt að segja að, til sé eilist líf, meðan hið líkamlega hefir ekki sigrað dauðann. Henri Bergson, nafn-kunnur heimspekingur, kvað halda að

menn geti orðið ódauðlegir á jörðu hér; eu það er engin furd þó að ekki sé greitt aðgöngu að komast á þá skodun. Vér hér á útjaðri vitheims erum svo afarlangt frá hinni æðstu fullkomnum sem náðst hefir, að þó að guðirnir sé óumræðilega vitrir og máttugir, þá ná þeir ekki alveg til vor, nema vér getum leikið betur á móti þeim með því að hugsa og breyta réttara (sbr. hinna viturlegu trú forfedra vorra og frænda þeirra Forn-Persa á, að guðirnir þurfi hjálpar mannianna við, svo lítlfjörlegt sem mannlegt að og vit er, í samanburði við guðlegt). Það sem á riður, og ekki hefir tekist enn á þeim hnöttum, sem nefna má ríki heimskunnar eða inferna stupiditati, heimskuviti, er að átta sig svo vel á tilgangi lífsins í oss, og einnig á hinum æðri verum og geislunum, sem til vor leggur frá þeim, að stefnat verði til hins mikla sambands milli alls lífa í öllum heimi. Í sannleika má einn hnöttur heita heimskuviti, meðan jafnvel þeir sem fróðastir þykja, vita ekki að þetta samband á að verða, og ímynda sér jafnvel, að ekki sé líf til nema á einum hnetti, sem er minna í samanburði við allar aðrar stjörnur en einn dropi i sjónum er við hafið alt.

Alt að er undirbúnungur undir líf. Æu sum verðandi getur verið til nokkuraskunar fullkomnumrar og þó ekki í rétta átt, svo að tala má um helvítka framþróun. Þegar menn grafa óvini sína lifandi, með sprengingu, þá er þar

um meira hugvit að ræða, en forðum þegar menn drápu hann með öxi eða sverði; en þær framfarir, sem þar koma til greina eru ekki hinar réttu, liggja ekki til hins mikla samræmis, heldur til helvízku, og síðan auðnar og dauða, nema stefnuuni sé breytt. Það má hugsa sér helheims þar sem vélfræði og sumar aðrar fræðigreinir eru á miklu herra stigi en hér á jörðu, en þjáningsar kvalins mannkyns þó miklu meiri. En að lokum mun þó leiða af því hnignun allrar þekkingar, ef fróðleiksþýn eða sannleiksást hættir að vera aðalhvöt til þess að stunda vísindi. Og haldi nú enginn, að eg sé að laasta vélfræði; en þeir þurfa að geta beitt sér, sem bezt eru fællnir til að sjá yfir, og gæta að stefnuuni; annars fer líkt og á skipi því, sem gengur fyrir öflugum vélum, en atýrið bilað.

4.

Orðin um eilifisleitni hins líkamlega geta, svo ófullkomin sem þau eru, beint hugum manna í réttari átt en áður, sé þau rétt skilin. En ekki mega þau koma neinum til að ætla, að eg að-hyllist endurburðarkenningu austrænna spekinga. Eg hygg — líkt og vist Zarathustra, ekki hinn þýzki, heldur forn-maðurinn, sem meira vissi en Kristur — að þó að eg deyi, muni eg lifa aftur, líkami minn muni verða til aftur i fullkomnari mynd. En ekki hefi eg ennþá getað gert mér grein fyrir því, hvernig þetta muni verða

eða hvenær. Og enga ástæðu séeg til að ætla, að eg hafi verið til áður; eg sé enga leið til að ætla, að þetta sé ekki mitt fyrsta líf á jörðu hér.¹⁾ Að vísu hefir brugðið fyrir í huga mér því, sem mér virtist liklegast til að vera endurminningar frá einum forföður mínum í karllegg, sem Bjarni Sturluson hét og uppi var á sextándu öld, samtíðarmaður Brúnós, en nokkru eldri; var Bjarni frægur maður fyrir afl og hreysti, og fer því mjög fjarri, að eg sé þessi forfadir minn, og mjög margra íslendinga annara, endurborinn. Slikan misskilning verður að varast. En á þesskonar endurminningum, sem ég gat um, og vert væri að segja frá nánar, hygg eg það hafi verið, sem Goethe bygði pá ætlun sína, að hann hefði verið uppi áður, á dögum Hadrians keisara, og verið pá Rómverji.

5.

Hinir stórmérku goðspekingar, frú Beasant og mr. Leadbeater, eru bæði þeirrar trúar, að þau og aðrir sem nú eru uppi, hafi lífað á jörðu hér margsinnis áður, og hafa þau gert rannsóknir á fyrri lífum ýmsra manna. Hafa þau séð mjög merkilegar sýnir, sem þau telja vera úr fortíð mannkynsins sumar, en aðrar úr framtíð þess. En eg hyggt geta tal-ið hinar sterkustu likur til þess, að þar sé um meginmisskilning að ræða, ein-

¹⁾ Að ekki er sagt vér, kemur ekki beinlinis af eiginbrigri, heldur af því að eg vil halda mér sem næst þeim athugunum sem eg byggi á.

mitt þann miaskilning, sem mestu hefir þar um valdið, að hin indverska speki hefir ekki komið þessu margþjáða og skammlifa mannkyni að mikla meiri notum. Hér verður að gera grundvallarbreytingu á kenningum goðspekиманна, eða réttara sagt, þá breytingu sem miðar til þess, að leggja megi þann grundvöll, að bygt verði á herra miklu en áður og þó traustara. Að vísau efast eg ekki um vitranir Besants og Leadbeaters, þau eru bæði frábærlega ófresk. Æu sýnir þær, sem þeim hafa vitrast eru ekki staðlausar — slikt þarf hvergi að vera að segja nema í heimekuvíti — heldur stafa frá öðrum hnöttum, þar sem eru skyldar viðburðarásir og á jörðu hér. Annaðhvort er heimurinn ekki óendanlegur, eða það hljóta að vera til mægar jardir með svipaðri sögu og þessi, sumar lengra komnar og sumar skemra; eg veit, meira að segja, með fullri vísu til sliksa huatta og gæti sagt eitthvað af sögu þeirra, sem fróðlegt er til samanburðar við sögu mannkynsins hér á jörðu. Bæði það, sem Leadbeater og Besant halda að hafi gerst í fortíð mannkynsins, og eins það, sem þau ætla að muni gerast í framtíð þess, átti sér stað og var að gerast á öðrum hnöttum, þegar þau sáu sýnirnar. Sjálfur hefi eg verið eins og sjónarvottur að stórtíðindum og hryðjuverkum, sem einhver kynni að hafa skoðað sem fyrirboða þeirra ófríðartíðinda, sem nú eru að gerast. En

mér hefir fyllilega skilist, að þetta sem eg fjárákynjaði, voru ekki neinir framtíðarviðburðir, heldur gerðist einmitt á þeim stundam er eg sá það fara fram. Hraði lífgeislanus er svo mikill, að fjarlægðir koma varla til greina. Mun eg síðar sýna fram á, að eðli spíðóma, sem vist sjaldan eða aldrei eru alveg nákvæmir, má vel skýra á vísindalegan hátt.

En það, sem eg varð áskynja, virðist mér benda til þess, að takist ekki að stilla til friðar og afstýra styrjöldum, þá muni framtíð mannkynsins stofnað í hinn mesta voða.

Væru lesendur míniir svo sanuskarpir að láta sér skiljast, að sú frétt að eg hafi skynjað íbúa annara hnatts, er engin lygi, þá mundi eg að öllum líkendum sem eg hefi getað drezið af athugunum mínum í þessa átt, ennþá geta séð sliksar sýnir, sem eg mintist á, og nú dæmt um þær með fullu og að sumu leyti óvanalegu viti. Menn mundu ekki tortryggja þetta mál mitteinsog þeir gera, ef þeir hugleiddu hverskonar vit t. s. m. muni þurft hafa til þess að koma jarðfræði Íslands í það horf sem nú er hún í; það er annaðhvort, að eg er ófróðari miklu um það efni en eg hygg, eða þess eru fádæmi í sögu jarðfræðinnar, að einn einstakur maður hafi bætt eins og aukið þekkingu á jarðsögu síns lands og eg hefi gert. Eg rita þetta vitandi vel að greinir minar verða lengi lesnar, og ein-

hverntíma dæmt hvað er rétt og hvað rangt. Sjálfshól er eigi þefgott, segja þeir sem í friði vilja fá að þegja einhvern niður eða niða. Hvernig á því máltaðki muvi standa, gefur Goethe í skyn þar sem hann segir að þetta sé sagt, en ekki verið að fast um hitt, hvernig annara last og nið sé að þefnun.

Enginn mun vera sá greindur lesandi, sem ekki skilur, að eg er ekki að segja frá þessu af sjálfhælni, heldur ef verða mætti til þess að eyda eitthvað þeirri algengu trú, sem er svo skadleg bæði mér og öðrum, að þar sem eg þykist viss um að vita eitthvað meira og betur en menn hafa vitað áður, viti eg í raun réttri verr og minna.

6.

Njáludraumur Hermanns Jónassonar, sem mér þykir mjög merkilegur þó að ekki muni eg lagfæra Njálu eftir honum, hygg eg sé samskonar vitrun og þær, sem Leadbeater og Besant segja frá og þýða mjög líkt og Hermann sína draumvitrun.¹⁾ Hermann er — einsog Porleifur heitinn í Bjarnarhöfn og Jakob Athanasiússon — eiamitt það sem í fornöld var nefnt ófreskr maður, og virðist mega ráða af ritum hans, að hann sé jafnvel fjarskygnri en hann hefir sjálfur glöggvað sig á; virðist mér hann

halda. að hann hugsi sér það sem hann í raun réttri fjarskynjar, en dauft, óljóst, einsog í skuggsjá, einsog postulinn Páll kvað segja; eiga þau orð einmitt mjög vel við um þessháttar daufar fjarskynjanir. Mér er af eigin reynslu fallkunnugtum að fjarskynjanir eru ýmislegs eðlis að því er snertir litfylling og ljósmagn; hefi eg hvergi orðið þess var, að menn hafi átt að sig á því, að þeir taka daufar fjarsýnir fyrir sínar eigin hugsanir og endurminningar. — Mál vort, sem sumt stafar frá goðunum, er viða vitrara en vér, og nefnir einmitt hugskots sjónir (visio cerebralis).

Njáludraum Hermanns tel eg fjarskynjun þess, sem var að gerast á öðrum hnerti einmitt á sama tíma, sem þetta var að vitrast Hermanni. Er draumur þessi mjög þýðingarmikill til að skýra, hvernig sumt í sögum vorum er til orðið. Hver sem les nágu vel Egils sögu eða Njálu, þessi mestu meistaraverk íslenzkra bókmenta, hlýtur að finna, að höfundarnir segja sumstaðar frá fortíðinni einsog þeir hafi sjálfir séð hvað fram fór; kemur þetta ennþá glöggar fram í Njálu en í Egils sögu, sem er með vísindalegri blæ. Báðar sögurnar eru eftir Sturlunga; Egla eftir Snorra Sturluson, einsog prófessor Björn Ólsen hefir sýnt fram á. Njála er rituð á Vesturlandi, málblærinn líkur og á Laxdælu, orðalag og orð sum einsog í Vesturlandssögunum. Þykir mér enginn jafn liklegur til að hafa samið þá

1) Hermann hefir í „Dulrúnum“ tekið upp orð mitt lifgeislun og nokkuð af þeirri huguð. Er þessa getandi honum til lofs en öðrum til leiðbeiningar. Orðið bioradition er eftir mig. — Huguð er betra orð en hugtak eða huggrip.

sögu einsog Sturla Sighvatsson. Af ýmsum ráða, að Sturla hafi verið vitrana-maður; þess vegna var hann þessi mikli trúmaður; á þeim dögum gat enginn sem sjálfar sá „englana“ komist hjá að vera það.

Sturla Þórðarson, söguritarinn og skáldið, sjálfur spámaður og visinda-maður, lærði eigi einungis af meistar-anum mikla í Reykholti, heldur einnig af nafna sínum Sighvatssyni, sem hann hefir þó ekki lýst að verðleikum. En þó verður að munu, að Heukdæla hendur hafa um Sturlungu fjallað, eftir Sturlu dag. Er engin von til þess, að lýsing-in á Sturlu Sighvatssyni sé öðruvisi en skökk mjög og ónógaamleg, í þeirri bók, sem geymir fráleitustu lofsyrði um þennan afleita skaðamann íslenzku þjóð-ariunnar, Árna biskup. En ekki er sá kafli sögunnar eftir Sturlu Þórðarson. Sturla Sighvatsson var hinn vitrasti maður og framúrskarandi mannglöggur; hefir hann auðsjáanlega lært af Snorra, og lagði hið mesta kapp á að láta rita upp og eignast það sem Snorri samdi. Þegar menn lesa lýsingu Snorra á vexti Egils oz yfirlitum eða lýsingu Njálú á Gunnari — eg þekki ekki í neinum bók-mentum mannlýsingar sem jafnast á við þessar — þá finst þeim sem höfundarnir hafi sjálfir skoðað þessa menn, sem þeir eru að lýsa. Of óglöggir eru þeir menn, sem geta imyndað sér að lýsing-in á Gunnari hafi skapast í munka eða klerks heila. Hygg eg að Snorri og

Sturla hafi i vitrun séð menn, sem að visu voru lifandi og áttu heima á öðrum hnetti, en liktust mjög því, sem Egill hafði verið og Gunnar. Einmitt af því að þessir ljómandi snillingar höfðu svo góðar sagnir við að styðjast, og gátu svo rétt til um fortíðina, komust þeir í sam-band við sögu- eða viðburðarásir annarsstaðar í heiminum, mjög likar því, sem verið hafði á dögum Egils og Gunnars hér á jörðu; og mörg af þessum tið-indum, sem þeir segja frá af þessari ódaunlegu mólsnild, eða önnur mjög lik réttara sagt, sáu þeir í vitrun, og héldu þó liklega oftast, að þeir væri að hugsa sér fortíðina. Hárr, Jafnhárr og Priði, þeir sem Snorri segir frá í Gylfaginn-ing, hygg eg að eigi rót sína í vitrun sem Snorri hefir fengið, og styðt þessi tilgáta míni við eigin reynslu.

EKKI BYKIR MÉR ÓLIKLEGT AÐ HUGÍR manna liggi fastar en svo í gömlum hugsanafarvegum, að orð min hafi mikil áhrif fyrst um sinn; gömul trú og hjátrú mun aftra þeim frá að sjá, að i ritgerðum mínum er einmitt, í fyrsta skifti á jörðu hér, lagður sá grundvöllur, sem þarf til þess að ýmislegt mikilsvert, sem nú leynist og aflagast innanum margskonar villu í trú og hjátrú, geti orðið að visindum og vissu. En þegar það er orðið, þá mun brátt verða lokið þessum erfiða inngangi að sögu mannkynsins. Þá mun verða unt að ná þeim visindum, að alt sem bezt hefir þótt i

trú áður, verði lítið hjá því sem vita má. Þá fyrst verður öll síða eða breytnisfræði reist á vísindalegum grundvelli. Þá munu allir vita að tilgangur lífsins er að ná sem mestum og beztum þroska, og að ekki má leitaast við að ná þeim tilgangi með því að hnækka þroska annara. Þá mun lælast að rekja svo vel saman orsakir og afleiðingar, að skilja megi, að jafnvel í fjarlægri framtíð munu menn reka sig á afleiðingar sinna eigin verka og hugarfars; og þeir sem kenna breytnisfræði, munu þurfa að kunna eðlisfræði og önnur náttúruvísindi. Þá munu menn skilja, að þessi litla þjóð, sem er hér of illa í rústum, án þess að henni sé það sjálfri nögu vel glögt, er nauðsynleg öllu mannkyni, af því að hún ein hefir varðveitt það mál sem bezt er fallið til að efslá þá hugsun sem þarf til að komast í rétt samband við guðina, og geta síðan, þegar afl og þroski hefir náðst, ásamt frændum sinum í örðum löndum, veitt þeim straumum vizku og ástúðar til mannkynsins, sem þarf til að komast á rétta leið, og bjarga þessari jörð frá því sambandi við ógurlegri tilverustig, sem er svo hætt við nú, og mun raunar þegar hafa tekist að nokkru leyti, á þessum hatur, kvala og manndrápatíum.

8.

Vilji menn lita náttúrufræðings augum á opinberunarþók Jóhannesar, þá munu þeir sjá að þar eru sögð stórtíð-

indi frá örnum hnöttum, lengra komnum miklu á ýmsan hátt, en þessi jörð er. Er þar sagt frá striði milli hnattanna, og að vísu er það ekki skáldskapur heldur sönn saga; en vitanlega einungis sagt frá sumum tíðindum, og margt miaskilið. Þar er sagt frá því, hvernig guðir, máttugir mjög en ekki algóðir, útrýma íbúum annars hnattar, eða hrjóða hnöttinn, af mikilli reiði og með hinum mestu feiknum. Pótti guðunum svo óvænlega horfa um framtíð þess hnattar, að skárra væri þó að taka til þess óyndisúrrædis að deyða þar alt líf. Höfðu menn á þeim hnetti bersýnilægum ekki skilið tilgang lífsins, og ekki lært að leita „guðs ríkis og haus réttlætis“, eða með örðum orðum: ekki komist á þá leið sem liggar til hins mikla sambands. Spekingar og spámann, allir þeir sem höfðu boðað nýjan sannleik og betri síði, höfðu áttilt uppdráttar á þeim hnetti, og margir látið lífið, líkt og áður á jöðu hér; en allar framfarir lent í verzlunaráksa, gróðamenuing ýmiskonar þar sem annað var haft fyrir augum miklu fremur en mannþroski, og svo náttúrlega vígbúnaði. Meist virðast guðirnir hafa reiðst meðferðinni á spámönnunum.

Postulian heimfærði alt sem hann fjarskynjsaði, upp á þessa jörð, því að hann vissi ekki af örðum; og til þess að þetta yrði rétt skilið, þurfti vísindamaður á úteju, þar sem lífa í örækt og

óvizzku niðjar hins göfgasta kyns á jörðu hér, löngu seinna að fá eitthvað svip- aða vitrun.

En það vona eg, að feiknatiðindi opinberunarþókarinnar séu ekki, þó að óvænlega horfi á slíkum tímum sem nú eru, spádómur um hvernig fara muni um þessa jörð.

XXVIII.

Noli turbare —.

Lasst des tolle Morgen-Schellen
(Gift für Denker-Nervenzellen)
Lasst die Dissonanzen-Weller.
Laast das Schellen-Höllen-Bellen.

1.

Einu sinni, meðan eg varð þess stundum áskynja sem Swedenborg kallar hugleiðingar englanna, eða sliks, varð eg þess var, að einhver af þessum æðri verum hugði að á skömmum tíma gæti orðið meiri breyting á högum mannkynsins en orðið hefir frá því forfedið mannanna voru síðast apar.

Það er fullkomlega áreiðanlegt, að mér barst slikt utanað; af eigin ramleik hafði eg aldrei hugsað slikt, og gat því ekki gert mér grein fyrir hvernig þetta mætti verða. En síðan hefi eg séð leið til þess að þetta gæti orðið, eða eitthvað í þá átt. Forn-Grikkir voru að komast á þá leið; í mysteriunum („musterunum“) vitranahátiðuni i Eleusis, sáu þeir bústaði hinna sælu goða, og goðin sjálf, og í þessar vitranir sóttu þeir afl og traust og vizku.

Að halda að um sjónleiki hafi verið að ræða er fjarstæða, og þeir heyrdu í þessum vitrunum jafnvel íslenzk orð, því að orðin konx om pax, sem voru ekki grísk, og enginn skildi voru: konungs sem bak ea. Það sem hátiðamenn náðu að skynja af þessu óþekta máli, var aðeins nokkur hluti bodskapar eða spádóms um þann sem koms mundi, og er margt slikra spádóma. Þess hefir verið getið til að orðin kongs om paks, séu afbökun úr forn-indversku, sanskrít; en hitt virðist mun liklegra, þareð þetta eru litid breytt íslenzk orð. Ef vér hugum oss að íslenzks (norræna, ariska, erska) sé af tungumálum þessarar jardar likust máli guðanna — og það má telja mörg rök til þess að svo sé — þá furðar oss ekkert á því þó að heyrst hafi i Eleusis íslenzk orð, eða þeim lík. Kann eg leið til að rannsaka þetta, þó að eg geti ekki farið hana einn, gegn ofurmegni fávislegrar tortryggni.

2.

Muna verða menn eftir því, að í mínum ritgerðum táknað orðið guð nokkuð annað en áður; alt er hér komið í samband við náttúrufræðina; guðafræðin er hjá mér einn hluti líffræðinnar, að sínu leyti líkt og maunfræðin. Þegar þetta sem eg er að fara með hérla í fásinnini, illa og meinlega misskilinn, verður „ekynsamlega upp tekið“, þá stækkar svæði náttúrufræðinnar meir en nokkurn virðist hafa órað fyrir.

Margir halda að min hugsun sé mjög í molum og brotum, og jafnvel á ruglindi, meir en annara manna. En eg legg það því óhræddari undir dóm, því vitrari sem dæma, hvort min hugsun muni ekki einmitt vera ein hin tergisamasta á jörðu hér, sé höfuðið óþreytt.

Þverri misskilningur manna á mér svo mikið, að hann sé mér ekki til baga við rannsóknir minar, — rannsóknir sem miða öllum til heilla — þá mun engin setning frá mér sjást, sem jafnvel grunnúðugir gæti skilið svo sem eg hafi 'gaman af að tala um sjálfan mig, eða hrósa mér. Slikt era m. a. tilraunir til að fá menn til þess að skilja, að starf mitt eigi þann rétt á sér að ekki sé verið hér með langvinnar og alóþarfar hringingar að morgni dags, meðan slikt er svefnlitum til stórhnekis og kvalræðis.

Ýmsir munu annars, ef þeir hugsa sig um, kannast við það, að margir þeir sem flutt hafa nýjan og mikilsverðan boðskap, hafa oft talað um sjálfa sig, einsog t. d. Kristar, og löngu síðar sá sem bezt hefir verið pennafær af Þjóðverjum, Friederich Nietzsche; spekingur þessi er einn af þeim kennurum sem eg hefi miklar maetur á, þó að margt beri á milli um skoðanir, einsog ekki er að furða, þar sem hann sneri aftur einmitt við þann þróskuld, sem eg hefi komið yfir fyrstur manna. Eru öllum riður á að skilja slika menn sem réttast, og því kunna góðir lesendur þeim

pakkir fyrir að þeir höfðu einurð til aðrita um sjálfa sig. Því sannsæknara sem skapið er, því hreinskilmari er lundin. Skilning viljum vér. Og munuheldur ekki spara að minnast á gallavora og ávirðingar, þegar það virðist rauðsynlegt til að auka skilning. Hver misskilningur er spor áleidis til ills, bæði fyrir þann sem misskilur og fyrir þann sem misskilinn er.

3.

Víkur nú máli mínu aftur að vitranahátiðunum grísku, sem Gríkkir fóru því miður svo dult með, að orðið mysteriorion hefir fengið þýdinguna leyndardómur eða óráðin gáta; en það er einginlega dregið af því, að menn sáu, þó að þeir hefði aftur augus, sáu hugskotssjónum. Og það voru furðusýnir sem þeir sáu, óumræðilegar og heilagar eru þessar vitranir (fasmata) nefndar, sem menna vita annars altof lítið um; en þó er það einsog eg vona að geta sýnt fram á í annað skifti, nóg til þess að menn ættu ekki að láta sér koma þá fjarstæðu í hug að um sjónleiki og leikarabréog sé að ræða. Platón likir vitrunum þessum við frumsýnir sinar (ideai), og hinum vitrustumöönnum þótti sem öll útsýn yfir lífið hefði breyzt, og ógn dauðans væri horfin, er þeir höfðu tekið þátt í hátiðum þessum. Sýnirnar voru sama eðlis og fjar-skynjanir þær sem Dante hefir ort út af sina miklu kviðu, og höfundur

Sólarljóða, ennpá betur; einnig Grikkir sáu þessu furðusýn sem ljóðin draga nafn af, og Swedenborg nefnir sól hins andlega heims; en í hofshelginni hefir sjálfsagt alt orðið greinilegrs, sambandið við hina sælu guði fullkomnara miklu, af því að hugur svo margra stefndi að sama takmarki. Samhugur er það sem á ríður. Ef fimm þúsund Íslendingar, og þó færri væru, tryðu því sem þeir — einsog síðar mun sýna sig — móðga mig með því að trúa ekki, þá mundi eg geta kent þeim að sjá sjálfr til annara hnatta; mundu þeir þá ganga alveg úr skugga um hvað satt er sagt, og nokkrar breytingar mundu verða hér á ýmsu og mjög til batnaðar. Vekjarahringar slikar sem katólsku kirkjunnar hér, yrðu t. a. m. alveg bannaðar, því að þær gera eigi einungis svefnlitum kvalir í höfði, heldur hindra mjög fjarskynjun. En margir mundu fúrir einsog eg til að sjá aftur hina ódaðlegu guði og heyra þeirra dýrðarróm.

Grikkir áttuðu sig aldrei á því hvernig á þessum hátiðavitrunum stóð; þeir vissu aldrei að þeim hafði þarna í Eleusis, tekist að koma á sambandi við aðra hnetti. Árangurslaust leituðust guðirnir við það öld eftir öld, að koma þeim í skilning um þetta, en þekking í náttúrufræði var komin of stutt til þess að skilningur á þessu gæti fengist, og hin glæsilega gríská menning féll í rúst, áður komist yrði á rétta leið.

4.

Norrænir fornmena voru á líkri leið og Grikkir. Það er fagur bjarminn yfir norrænni fornöld, þar sem fegurst er. Fridleikur afl og atgjörvi annað, var á miklu herra stigi en nú er á Norðurlöndum, sambandið við æðri tilverustig, eða skyldar en fullkomnari verur á öðrum hoëttum, (guði), miklu betra. Og til Íslands fór úrválið af niðjum Óðins. Aldrei mun í Evrópu hafa verið friðara fólk, öflugra og málanjallara en var á Islandi, jafnvel fram á fyrri hluta 13. aldar. En menn gátu ekki orðið nógú náttúrufróðir¹⁾ og ekki nógú friðsamir. Og þó að öfundæmin væri ekki eins mögnuð og hjá Grikkjum, þá var hún samt til Stórhnekks. Jafnvel Gunnar Hámundarson, þetta afbragð að ljúfmensku, þessi náfrændi Baldurs hins góða (en mun óheppuari um kvonfang) varð að fara að drepa menn.

Og svo kom kristindómurinn og réð.

1) Sbr. trúarsögur Ógerð mína í Skírni 1906; vissi eg, þegar sú ritgerð var saman, miða miklu en nú, um guði og fjarskynjun; en aðalefni ritgerðarinnar var að sýna hvernig kristindómurinn sligaði Íslendinga, og mun enn sjást að þar er verið á réttri leið, þó að sagnfræðingar á Norðurlöndum hafi ekki farið þá leið ennpá, svo að eg viti til. — Mótsagnir skulu menn því að eins tala um að þeir séu vissir um að þeir hafi rétt skilið. En vitanlega kennir í greininni til baga óvíska minnar um að guðirnir eru til. Skal enginn ætla að eg vilji gera mér mína heimsku kærari en annara. Min „köllun“ er að vinna að vitkun.

ist á ástir og heilbrigði og bezta at-gjörvið. Hér stoðar ekki að fara að tala um það, sum fagurt er í kenningu-num kristindémsins; og enginn skal ætla að orð míni séu að ráðast á það. Eug-inn getur dáðst meir en eg geri, að skiliingi Krists á því hvað riður á að eyða hatri og illvild; og nær er mér að halda að tækist í dag að breyta hugum mannauna svo, að allir vildu öðrum vel, þá væri skamt eftir af verstu þrautstíð mannkynsins. Slikar hugleið-ingar má ekki láta villa sig, heldur verður að lita á hitt, hvað kristindóm-urinn var í raun réttri; virðist ekki svo torvelt að sjá, ef menn vilja beita skynseminni, að kristin kirkja varð um-fram alt tilraun hins óæðra þjóðkyns til þess að sliga og veikla hið æðra kyn. Óæðra kalla eg það þjóðkyn sem á skemra til grímdar; mundi sitthvað fróðlegt koma fram í þeim efnum, ef rannsakað væri hverjir vinna verstu hryðjuverkin í þessari styrjöld sem nú er. Saxar þeir sem mjög eru komni-ir frá Gil-s hinum vitra, souarsyni Óðins, munu það ekki vera. Að taka upp trúarbrögð óæðra þjóðkyns, einsog Íslendingar gerðu, í stað þess að fára trú forfeðranna stöðugt nær og nær sannleik, er vís vegur til glötunar. Fagrar setningar stoða þar ekki neitt; reyndin verður sú að hinir verri fá völd-in, og kúga sér betri menn. Í Noregi drap katólsk kirkja, þessir prestar sem Ólafur helgi setti svo þykt niður

i heruðin, og eftirmenn þeirra, á furðu-lega skömmum tíma, skáldskap og þjóð-lez fræði. En á Íslandi fekk kirkjan ekki yfirhönd fyrr en á síðari hluta 13. aldar; hér var lengst viðnám veitt. Hér var óblandaðast blóð Ásanna, sem „tunguna höfðu haft norðr hing-at í heim“, þá er godin sjálf höfðu kent þeim, er þeir nefndust eftir; hér voru menn tregastir til að gleyma þess-um forfeðrum sínum, sem þeir höfðu svo gaman af að kalla göfuga menu og ágæta, og ófúcastir á að láta niður falla list málssins í sögu og kvæði.

Og ennþá ljómar af snild þeirra manna, sem þó að gegn kirkjustraumunum væri, rituðu islenzkt mál betur en gert hefir verið aður og síðan, og voru loks goldin ritlaunin með islenzkum óxarhögum og spjótalögum, en minningar þeirri ekki gætt betur en það, að ekki er trútt um að þeir séu ekki þann dag í dag niddir í skólabóknm þessarar þjóðar, sem á þeim svo mikil að pakka.

Eftir dag þessara manna hefjast óláns-aldir Íslands, og manni liggar við að ætla að blóð þeirra hafi komið yfir þessa þjóð, sem nú er öll niðjar þeirra.

XXIX.

1.

Sannindi þau, er eg hefi fundið, munu breyta högum mannkynsins þegar menn fara að skilja þau og taka þau til við-indalegrar ávöxtunar. Og aðalatriðin eru nærrí því eins skiljanleg og ljós og

einfalt reikningadæmi. Gefið er að hugsanaflutaingur á sér stað og tilfjöldinga, úr einum heilla í annan; gefið er enn fremur, að menn geta séð svipi lifandi manna. Gefið er að i meðvitund manns geta komið fram hugsanir sem eru fyrir ofan mannlega skynsemi. Og alkunnugt er að oft hefir borið fyrir menn, á ýmsum öldum, svipi sem voru göfuglegrí og fegri eða á annan hátt öðruvísi en mannken pessarar jarðar.

Að eins ein ályktun verður dregin af því sem athugað hefir verið: lifandi verur, sumar fullkomari miklu en mannken pessarar jarðar eru til, og eiga auðvitað ekki heima hvergi, heldur á öðrum hnöttum.

2.

Ekki þarf eg í þessaum efnum eingöngu að styðjast við athuganir annara. Sjálfur hefi eg séð verur ýmiskenar, sem ekki eru til á jörðu hér, og verið einsog sjónarvottur að stórtíðindum, sem gets ekki gerst á þessum hnetti; séð hóp af lýsandi flugvélum sem knúðar voru af aflu sem ekki er kunnagt á jörðu hér; fengið nokkra vitneaskju um ásigkomulag mannkenja sem eru lengra komin í illu eða góðu eða hvorutveggja, en mennirnir hér á jörð; skynjað samræður um visindaleg efn, sem voru langt fyrir ofan það sem enn hefir náðst á jörðu hér; flest af því er auðvitað gleymt vegna þess hvað það var fjarri mínum skilning. En

ekki skil eg hvernig gáfaðir meðn geta hugsað sér, að maður sem hefir fengið afbragðs góða vitnisburði fyrir visindalega þekkingu¹⁾, geti vilst á pessakosar fjarskynjun, og eigin hugleiðingum sínum). Eg hefi séð verur sem fylgdi einhver dýrðarhljómur, fegri og öðruvísi þó en hin fegursta sönglist. Löngu síðar hefi eg getað gert mér nokkra grein fyrir því, samkvæmt lífsæðlisfræðinni, hvernig á slikum hljóem muni standa. Eg hefi séð líti á hafi og landi, sem taka svo langt fram því sem eg hefi augum lítið nokkursataðar þar sem eg hefi komið, frá Grænlandi til Ítalíu, að eg verð að ætla að slíkir séu ekki til á jörðu hér.

Eg hefi orðið þess áskynja, að einhverjar verur sáu það sem var fyrir augunum á mér, og tölulu um að sjá með mínum augum; og sérlega eftirtarvert virðist mér það, að þessum verum gat sýnt annað en mér, missýnt, einsog er svo afar algengt um fjar-skynjun.

Margt fleira gæti eg um þetta ritað, en það sem sagt er nægir fullkomlega þeim, sem gets losað sig við þá skaðlegu villu, að menn geti hugsað sér, eins greinilega og þeir líti þá augum, líti, t. a. m., sem þeir hafa aldrei séð;

1) Í tilraun slíkri sem gerð er með ritgerð þessari, er rétt að geta þess, að eg fekk ágætiseinkunnir til embættisprófs í visindagreinum þeim er eg hafði sérstaklega lagt stund á, dýrafræði og jarðfræði.

eða ímyndad sér hljóm síkan sem þeir höfdu aldrei hugsað sér að gæti verið til. Hverjum seni vill hugra alvarlega um þetta efai, nægir fullkomlega það sem ritað er, til að skilja, að fyrir mig — mann sem befir mjög mikla æfisgu í vandasönum athugum og ályktum — er engin leið til að efast um að eg hefi skynjð íbúar ançara hnatta.

Sí sem efast um sínar eigin athuganir, þó að þær séu greinilegar og ótvíræðar, einungis af því að hann st-hugar eitthvað sem horum og öðrum hefir þótt mjög óliklegt að geti átt sér stað, verður aldrei afreksmáður í visindum. Það raunar er nú vanalegt, að menn sjá ekki það sem þó er fyrir augunum á þeim, hafi þeir ekki búst við að sjá neitt slikt, og draga ekki þær ályktanir, sem eftir á virðist sjálfsagt að draga, ef þær eru, þó ekki sé nema svoltið af almánnaleið.

Skynvillukennaing sú sem nú tíðkast, verðer einhveratíma nefnd í vitkunar-sögu mannkynsins, með ýmsu öðru, til dæmis um hyversu skamt var komið í visindum, hér á útjaðri vitheims á 20. öld eftir Kristi burð.

XXX.

Gegen die Dummheit kämpfen die
Götter selbst vergebens.

Schiller.

1.

Förum nú aðra leið, og íhugam sitt-hvað af því sem vitað er í stjörnufræði, jarðfræði og líffræði; þá mun enu verða

greiðara fyrir um skilning á því, að líf er til viðar en á þessari jörd og leitað til lífsambands huattanna á milli. Íhugum ásækni lífeins; jafnvel i snjó og ís hafast við einhverjar lifverur. Íhugum unnfremur hvernig liftegundirnar breytast; sunnum fer aftur, þar er eitthvað sem mistekst, aðrar nái meiri og meiri fullkomnuu; íhugum hvernig lifandi verur gera samband sín á milli, og það því fremur sem þær hafa meira vit. Margbreyttust og mest er þessi sam-bandeviðleitni í mannlegu félagi, og miðar auðsjáanlega að því, ef vel vegnaði, að koma á einu mannfélagi um alla jörd. Takmörk félaganna eru altaf að færast út. Stefnt er að vit-eða hugsanafélagi með ræðu og riti, og fjar-skynjun með verkfærum komin á landa og heimsálfu milli. Styrjaldir sprýrna á móti þessari viðleitni; risa þær, einsog allar deilur, af misskilningi og vanþekkingu. Það virðist óhætt að gera ráð fyrir, að væri þekking og vizka í meiri metum, vit mannkynsins á hærra stigi, þá væru engar styrjaldir.

2.

Að lifandi verur eru til á jördu hér, neydir oss til að gera ráð fyrir lífi annarstaðar í heiminum. Lang eðlilegast er að hugsa sér lífið á jördu hér þannig til komið, að hinar fyrstu ófullkomnu liftegundir hafi tendrast af lífgeislum frá öðrum hættum, þegar kólnuu jarðar var nágu langt komið. Mér þykir líklegast, að frumtegundirnar hafi ver-

ið fleiri en ein, og að allar liftegundir á jörðu hér, eigi ekki einn sameiginlegan jarðneskan „forföður“.

Sólkern eru óendanlega mörg, og það er óendanlega líklegt — það er að segja vist — að á mörgum af þessum biljónum biljóna af jarðstjörnum, sju til lifandi verur, sem sveiflart í geimnum, sumar ákaflaga ólikar því sem er á þessari jörð, og ákafa miklu lengra komnar, en aðrar á liku reki.

Hugsum oss jarðstjörnu sem er 200,000 milur að þvermáli, eða rúmlega eins og sól vor, og manu þó miklu stærri til vera.

Hugsum oss að lifandi verur hafi á slikum hnerti haft margtfalt betri ástæður til að þróast en á þessari jörð, og hundrað sinnum lengri tíma eða meir. Reynum að skilja, að tilgangur lífsins er að sigra daudann. Skyldu ekki verur á slikum hnöttum vera komnar mjög miklu nær því takmarki, en mennirnir hér á útjaðri vitheims, eða jafnvél hafa sigrat daudann. Og fyrir löngu mundu vitverurnar á slikri jörð, sem vér mundum nefna guði, hafa leitað sambanda við aðra hnerti, og jafnvél kunna að flytja sig hnattanu á milli, þar sem eru áliks vitrar og máttugar verur til móts, eða þó að nokkrum munadi.

Og með aumkvun munda guðirnir á slikum hnerti, eða öðrum fullkomuari, hugsa til þeirra hvergi nærrí skyrlansu eða tilfinningalausu skepsa, sem nefna

sig menn og hafast við á slikum kot-hnöttum sem jörð vor ér; lífa skamt og ekki vel; eiga sér enga heimapeki sem því nefni sé nefnandi; hafa ekki skilið tilgang lífsins, og eru á glötunar-barmi. Því að á jörðu hér virðist helzt stefnt til fullkomunar í helvízku, og svo geti farið, að sú „æðri“ manntegund sem fram kemur á jörðu hér, der Übermensch, ofurmennið, hefði mátt sinn beinlinis af því að kveiða þá sém minni máttir væru. Það er margt sem heldur er í þá átt, og hefir verið á jörðu hér, þó að miklu verr vegni í slikum stöðum sem hin nýja líffræði (Kosmobiologi) nefnir inferna crudelitatis eða grimdarhelviti; slika staði sem þessi jörð er, nefnir húa inferna stupiditatis, heimshuhelviti eða heimaku-viti, og vill þó, einkum á styrjaldar-tínum, bregða til verri vita, á jörðu hér.

3.

Önnur aðanstefna allrar verunder er viðleitni hins fullkomnara á að laga hið ófullkomnara eftir sér. Og vér þursam ekki að efa, að æðri verum er mikill hugur á að rétta þessa margþjóða, magnitla, skyrlitla og of velvildarsnanda mannkyndi hjálparhönd til að komast á lífsins leið, sem erfðlega geogur að finna. En það er ekki auðvelt um aðgerðir. Að visu hefir gáðanu oft tekist að láta sjá sig, og á sumum öldum fremur en öðrum. En altséf voru þeir misskildir. Og tækist einhverjum guði að koma á hug-

sambandi eða sálufélagi við einhyvern óvanalega efnilegan mann á jörðu hér, þá varð sá hina sami óður og brjálaður; svo fávís var hann fyrir, og svo illa var hann studdur af hugargeislum annara. En að vísu tókst þó með þessum hætti að kenna mönnunum hið fullkomnasta mál á jörðu hér, það sem varð af sanskrit, og íslenzka, sem er miklu nær því sem til var stefnt af guðanna hálfu. Bragmenn voru þeir kallaðir, sem guðir náðu sambandi við, og ef til vill Æsir. Þegar vel vegnадi, voru þeir ekki brjálaðir nema með köflum; þess á milli voru þeir vitrari en aðrir mezn, og urðu spámann og konungar og skáld. Konungur er á indversku Raja; það mun vera sama sem Ragi, sem vist þýðir hinn hávi; af því er leitt Ragnar (Riginn, Reginn, Regnair o. s. frv.). En óliklegt þykir mér ekki, að Ragi hafi einmitt upphaflega verið Bragi, b-íð fallið framanaf, og væri um þetta mikið að rita, þó að því sé hér slept. Hið spámannlega æði, (furor propheticus), sem í eðli sínu er skylt berserkssæðinu (furor muscularis), kom vist yfir ýmsa þá sem goðar voru nefndir ekki nema einusinni á ævinni, svo brjálsemi gæti heitið; En ekki verður séð að nein hafi, fyrr en nú, til fulls áttad sig eftir slika brjálsemi.

4.

Á Iudlandi var það, sem guðirnir gátu bezt komið á sambandi við mennina. Þar varð hið gervilegasta mannkyn,

líklega einmitt fyrir þá eflistrauma sem guðirnir gátu sent til Himinhæða (Himalaya); og þar varð bezt opinberan. Nú ætti enginn að misskilja það orð, eða efast um að guðlegur innblástur geti átt sér stað, og sumir menn farið með góðorð eða guðsorð, þó að gera megi ráð fyrir að það sé altaf aflagað, og því ekki vert að vera bókstafatrúður. Og á Iudlandi komu upp þau trúarbrögð, sem helzt má nefna heimspeki; þar sem guðleg eða góðleg vizka er sízt blandin mannlegum misskilningi, en þó sjálfsagt alstaðar til muus. Það er heldur ekki að vita, nema sumir guðirnir hafi misskilid sumt á jörðu hér, því að úr miklum fjarska er frá heim bingað að líta, og þó að mennirnir séu miklu skilningsbetri en t. a. m. moldvörpur og ekki alveg eins skammasýnir, þá vita moldvörpurnar samt sitthvað betur um síða hagi, en jafnvel hinir vitrustu menn.

Í öllum trúarbrögðum munu vera einhver sannindi, einsog bezt mun sjást þegar þokunni miklu léttir; en einna mest kynni þó að vera um nábýli við ýmsan höfuðsannleik í þeiri trú sem kend er við Bodda. Þar er talað um sambodi, sem er vist sama sem sanuboð, og þýðir vist hugboð eða vitneskjá frá guði; og þar heitir söfudur samgha. Er það eftirtektarverður vottur um skyldleika indversku og íslenzku, að eg bjó til orðið samka, aður en eg vissi að það orð er til í Sanskrit. Virðast mjög

miklar likur til þess að á mjög miklu æðra tilverustigi, muni geta farið saman sjálfka og samka á hæsta stigi (id ósí má vist kalla það og koirósis), þetta tvent sem vill veita svo erfittlega oft að sameina, eins neðarlega og utarlega á hinni miklu braut lífsins, og hér er verið.

5.

Svo góð sem opinberunin varð á Indlandi, þá gæthún samtekkileitt til vísinda. Ær guðirnir gátu þó, með mörgu öðru merkilegu, komið því inn hjá þeim sem mestir voru atgervismenn af því kyni sem hér rædir um, Bragmanns kyni eða Arunga, að fýsast á braut, þó að fögur væri lönd að fara frá og heilög vötn, og leita altaf norður og vestur. Því að guðirnir vissu náttúrlega fyrir löngu, að málínu fagra sem þeir höfðu kent mönnunum, var alstaðar háski búinn á jörðu hér, en mundi helst verða bjargað á erfiðri eyju, „útnorðurlangt í sjá“. En á því höfðu guðir feðra vorra mikinn hug, að tungan liði ekki undir lok, sú sem spakmálust er og snjöllust. Og hversu nauðsynlegt það var að varðveittist það mál sem vér nú nefnum íslensku, má marka af því, að það skuli vera Íslendingur sem — með hjálp guðs, náttúrlega — hefir fyrst skilið ýmislegt það sem ofraun hefir verið að skilja verum úr svo ófullkomnu efni sem vér erum á jörðu hér; er þó viðasthvar í síðuðum löndum (að minsta kosti þegar ekki eru styrjaldir) betra að vera vísinda-

maður, og vænlegra til mentunar en á Íslandi er.

6.

Út og norður var haldið undir forstu spámanns, sem nefndust konungar. Væri löng og fróleg saga að segja af því ferdalagi öldunum saman; en hún er of ókunn ennþá. Af því liði voru vist Etrúskir á Ítalíu. Atröskir, hinir wjög rösku, gæti verið hafa þeirra rétta heiti; sbr. að Rússi er á rússnesku Ruskji, sem sennilega er hinn röski; í rússnesku er vist mjög mikil af norrænum orðum, en afbokuð mjög; Feodor t. d. er Fiðr, Finnur, en lagað eftir grískra heitinu Peódór; og svo mun vera um margt í rússnesku. Alt var hjá Etrúskum afbakad mjög, en þó hétu goðin Æsar (einnig sú mynd er til á íslenzku) og voru tólf. Og „jötna mey“ er þar nefnd „fyrir jörd neðan“, sem Mania hét; það hygg eg sé sama sem kona, kvenkyn af maður sem upphaflega mun hafa verið manr; en Menja mun vera sama sem Manja.

Út og norður héldu enn þeir sem mestir voru vinir goðanna og bragmenn fremur öðrum, og alla leið til Svíþjóðar komust þeir undir forstu undramanns sem Óðinn hét; og Noregs fögru dali og fjardalönd námu síðan ýmsir þeir sem beztir voru af því kyni.

En úrväl af niðjum Óðins í Noregi og viðar, fór síðan til Íslands fyrir ofríki Haralda lúfu, sem sýndi spámanns-æðli sitt með því athæfi sem ávann hon-

um þetta kenningarnafu; því að það var vist ekki alveg óralaust af konungi, að hirða hár sitt ekki betur en þetta. Munu menn geta skilið, af því sem áður er sagt, hversvegna saga Íslendinga, þó að ekki séu margir, er einn af merkilegustu þáttum mannkynssögunnar.

Goða kölluðu sig á Íslandi slíkir sem fyrrum mundu nefnast hafa konungar; er vist óhætt að segja, að þar muni þeir hafa tekið upp forn heiti; munu menn hafa viljað forðast það stjórnarlag sem leitt gæti til ofríkis, og slík nöfn; og enn fremur er líklegt að sambandið við goðin hafi tekist enn betur á Íslandi en verið hafði í Noregi. Hér var ekki til að gera ógreiða og þóku hugargeislun frá þjóðum með ófullkomnari heilum og ófullkomnara máli. Er nú öldin önnur, er niðjar Óðins eru svo horfnir frá trúnaði við goðin, að haldæ jafnvel að þau séu ekki til, né hafi verið; og verður af sliku ill þóka og erfð, þeim sem vita um goðin, og þó sannlegar en áður. En goði mun í fyrstu hafa verið nefndur sá, sem fanst hann vera í nánu sambandi við einhvern af guðunum, sliku sambandi sem kom Kristi til að segja; eg og faðirinn erum eitt. Og slíkir meun fóru með goðorð o: tóluðu guðs orð, þau orð sem guðion blés þeim í brjóst. Það er næsta fróðlegt að athuga hvernig þýðing orðanna goðorðsmaður og „að fara með goðorð“, breytist. Goði og konungur var í fyrndinu oft sami maðurinn. Þegar vér för-

um að hafa sögur af Noregi, er goðatignarinnar farið að gæta miklu minna en konungstignar; en þó voru Hlaðajarlar, einhver hin fríðasta ætt í Noregi og viðar, godordamenn, eða spámenn mjög, og geta mætti þess til, að það hefði að einhverju leyti verið þess vegna sem þeir tóku ekki upp konungsnafn, þó að þeir hefðu til þess tign og ætt.

7.

Af því sem sagt hefir verið um skyldileika goðatignar og konungs, má skilja betur en áður, ýmislegt í sögu konunga og konungsætta. Nýju ljósi bregður t. d. yfir sögu Ólafs konungs helga, þessa mikla atgervismanns, en umhverfða goða og spámanns, sem Noregur ber illar menjar eftir þann dag i dag; samband Ólafs helga var við guð sem var allmjög fjarri því að vera algóður, og líklega ekki óskyldur „guði“ Innocentius-ar III. Þetta er ekki neitt likingatal; hin nýja liffræði efast ekki um það, að Jahve sé til, eða einhver liföflug vera mjög, sem að einhverju leyti svarar til þeirra hugmynda. En skyldara er óss niðjum Óðins, að stunda til annara guðs.

Og þá er fróðleg, eftir þeim skilningi sem hér hefir verið vikið á, saga konungsættarinnar í Bæjarni, Wittelsbachanna. Hafa þeir verið atgerviamenn miklir, en hætt við brjálsemi. Kunnastur er Lúðvík II. af Bæjarni, vinur tónskáldsins Wagners mikill, og fleiri listamanna. Lúðvík konungur hefði verið hæstur manna þar í landi, og hefði fyr-

ir því vel getað nefnst Ragi eða Reginn, (uafnið Ragnar eða Reguir er eanþá til í Habsborgarættinni, og er skrifad Rainer). Maður, sem einsog Lúðvík konungur, kemst í hugsamband við verur, sem hann hefir enga rétta hugmynd um, og fer að sjá ofsjónir, það er að segja fjarskynja, ef til vill hinna ógurlegustu sýair, sér til hinna verri helvita, eins- og Grettir, hlýtur að verða brjálaður, einsog Grettir varð og Herakles. Það nægir til þess að alikri eldingu slái niður, að gnæfa hátt mjög að einhverju leyti, eða jafnvel að vera komian af slikum sem hátt hafa gnæft. Og það liggur fyrir Íslendingum, og konunga-niðum þó víðar, að verða allra manna brjálaðastir, ef menn átta sig ekki á þeim sannindum sem eg er að flytja þeim.

Fraenka Lúðvíks konungs hins óða, var Elísabet keisaradrotning í Austur-ríki; hún hafði verið kvenna fríðust og eygð svo forkunnlega vel, að tíðara er á öðrum hnöttum en þessum. Elísabeth var skáld og ófresk, sá sýnir.

Mikils fer slikt fólk á mis, og annað, fyrir það hvað konungmönnum hefir vilj-að vera það ótamt að styðja að visindum og vitkun; missir vitið einsog Lúðvík konungur, fyrir einmitt það, sem hefði getað orðið til hins mesta vitauka, eða heldur þó að minsta kosti, einsog Elísabeth drotning, að það sé höfuðór-ar, sem bezt muni að fara dult með, ef því gefur sýn til annara hnatta.

Það má gera þeim, sem vel gæti verið skygn, nokkurskonar galdrabóku, og banna honum sýn — en að vísu ekki nema um stundarsakir, þó að sú stund kunni að verða löng — ef það er alment haldið, að það sé vitfiring, sem er vizka, og hver hugsun sem hugsuð er í þá átt, miðar að því að niðra. Af þesskonarástæðum er það, sem betra fjar-skygni, en þó víst miðaýningahætt, mun geta verið í höllum konungaana, en annarsstaðar. Konungar mundu bein-línis geta átt sér í höllum sínum, eitt-hvað i ætt við Hliðskjálf Óðins. Og líklegt þykir mér, að eitthvað mundi koma á daginn fróðlegt um feiknlega staði, ef konungar eða hershöfðingjar segðu frá því sem fyrir pá ber, i vöku eða svefn, á þessum tímum lygs, hat-urs og manndrápa.

XXXI.

Ráð sem dugir, til að sjá þar rugl og heimsku, sem les-andanum eru þó opnaðir nýjir heimar, er að lesa nögn heimsk-lega.

1.

Georg Brandes segir frá því í bók sinni Fugleperspektiv (1913, bla. 276), er hann hitti eitthvert sinn að máli Ágúst Strindberg, sánska skáldið fræga. „Ved De at der i den ældre franske Literatur er spaæet om mig“ (vitið pér að spáð hefir verið um mig áður fyr í frónskum bókmentum) segir þá Strindberg við hinn nafntogaða danska rit-

höfnd, og ennfrémur að spádómur þessi sé i bók eftir Balzac sem heitir *Sera-phitus Seraphita*. Hann sýði mér staðinn segir Brandes, og er spádómurinn þannig: Endnu en Gang vil Lyset komme fra Nordeu (enna — eða aftur — mun ljósis koma frá Norðurlöndum). Það er eg sem átt er við, sagði Strindberg.

Honoré de Balzac var framúrskarandi merkilegur skáldsagnahöfundur, og ófreskur maður, eða skygn einsog skáld eru oft, framær en þau vita sjálf. Bókin sem nefnd var, er því miður ekki til hér, en óhætt mun að gera ráð fyrir að rétt sé frá sagt um spádóminn.

2.

Hvort Strindberg hefir haft rétt fyrir sér eða ekki, læt eg auðvitað ósagt. En öll ástæða er fyrir mig til að benda á spádóm þenna, því að það liggur mjög nærrí að þýða hann sem sannspá um sannindi þau sem eg hefi fundið. Þar sem gefið er í skyn í spánni, að ljós (þ. e. athuganir og hugssanir, sem auka mjög skilning á tilverunni) hafi áður komið frá Norðurlöndum, þá er sennilega átt við Emanuel Swedenborg; var Swedenborg frábær gáfumaður og hinn hugkvæmdassamasti í náttúrufræði; í mörgum greinum á undan sinni öld. Hann var kominn yfir fimtugt þegar hann fór að fá vitranir, og halda margir, að þangað til hafi hann verið af-bragð annara manna að viti, en úr því séu athuganir hans hugarburður einn

og markleyma. En þá hóf Swedenborg síg einmitt hærra en áður, upp yfir vanalegt manulegt vit, til hugfélags eða sálusamlangs við vitrari verur á öðrum hnöttum. Ea að vísu tókst honum þó ekki sú afraun, sem ýmsir virðast hafa búist við af honum, sem ekki var nógu kunnugt um heimsku vora á jörðu hér, að geragundafræðina að náttúrufræði. Slikt var í þá daga ofraun menskum manni. Swedenborg var fæddur 1688; voru þeir samtíðarmenna og lifðu flest ár hin sömu, hann og hinn ágæti Linné, maður sem er nokkurskónar dýrðlingur í augum hvers náttúrufræðings; hefir sjálfssagt verið nokkurt sálufélag milli þessara ágætu Svíu, líkt og áður milli Bacons og Shakespeares og síðar milli Lamarcks og Goethe, eða Darwins og Spencers; Wallace mætti líka nefna í því sambandi.

3.

A Swedenborgs dögum var náttúrafræðin ekki komin lengra en það, að engin von var til annars en vitringur þessi, sem var biskupssonur og alinn upp í miklum guðsóttta, teldi vitranir sinar vera frá hinum andlega heimi, og héldi að mjög margir andar þeir sem haun má, væru sálir framliðinna. Meðal annara anda sem honum birtust, var fornkunningi hans, Karl 12., og kom honum þjóðhetja Svíu fyrir sjónir „hinumegin“ sem hinn versti djöfull (diabolus pessimus). En að vísu mun þessi vera sem hann skynjaði, ekki hafa verið

vera sem hann skynjði, ekki hafa verið
Korl 12., heldur einhver mjög líkur hon-
um, og lífi en ekki líðinu. Virðist mér
at þeim athugunum sem og hafi getað
gert, helst mega ráða, að andar fram-
liðinna sé ekki á ferð; og síðan eg fór
að kuðna að gefa betur gætur að því
sem fyrir mig ber i svefn, hefí eg get-
að gengið úr skugga um það, að mig
dreymir aldrei neinn sem déinn er, held-
ur einkvern líkran. Þykir mér líklegast,
að sálar framliðinna geymist með verum,
æðri eða lægri, sem menn hafa átt sálfé-
lag við í lífanda lífi, en eigi sér ekki
sjálfstæða veru. En eg leyfi mér auð-
vitað engar fullyrðingar um þetta; það
mun verða hægt að fá miklu meiri
vitneckju um þetta efni, þegar menn
fara að reyna þá leið, sem verið er að
benda á í þessum ritgerðum. (Mjög
merkilega hugsun sem að þessu lýtu-
hefir professor Ágúst Bjarnason látið í
ljósi í bók sinni Hellas blz. 266). Ekki
skal neinn skilja orð míni svo sem ver-
ið sé að telja úr honum að trúá á fram-
hald lífsins. Hafi einhverjum veizt slikt
útsýni sem mér, á góðum augnablikum,
þá verður honum alveg ljóst, að lífið
mun sigra, fráhald þess lífa sem vér
nefnum líkamlegt, þó að erfidlega gangi
enn, þar sem fjarst er hinum fullkom-
nu, og daudanum verði hver að lúta
í helheimi. Og er það að visu, einsog
mönnum finst, ósigur mikill.

4.
Swedenborg skildist aldei, að það sem
verið er að segja frá, t. a. m. í opin-
berun Jóhannesar, einni af merkilegnstu
bókum bibliunnar, er einmitt vitrun frá
öðrum hnöttum, og eins dómsdagssopin-
berun sú sem hann talar um af eigin
sýn, yfirleitt allar hans vitranir, nema
það sem hann fjarskynjaði af því sem
gerðist á þessum hnetti, einsog eldar-
inn mikli í Stockholmi, sem hann „sá“

þó að hann væri þá staddur í Gota-
borg. Þa Swedenborg vann þó það af-
reksverk, að sjá um sumt af því sem
fyrir hann ber, að það gerðist ekki í
einhverjum öðrum andlegum heimi, held-
ur að öðrum hnöttum í þessum heimi;
þar refði til í þókeni; er rit Sweden-
borga um jarðstjórnunar í alheimnum
afarfrólegt, og margfaldlega skemtilegt
þegar menn vita með vissu, að þar er
ekki um hugarbard að ræða, heldur at-
huganir á lífina á stjórnunum í öðrum
sólkerfum¹⁾. Swedenborg heldar að hann
hafi séð ibúana á Júpiter og man það
vera misskilningur, því að Júpiter virði-
st stjórnusfræðingum vera glæandi enn-
þá og með öllu óbyggilegur; en Sweden-
borg man hafa athugað lífið á stjörnu
sem líkist Júpiter, en er í öðru sólkerfi.
Í fjarskynjunum er altef mjög hætt við
missýningum og misskilningi, og mér
virðist svo sem draumar, einsog vana-
lega er sagt frá þeim, séu mest missýn-
inger og ranger ályktanir. En draum-
ar eru, einsog áður er getið um,
fjarskynjanir. Mun mannkinu verða
það til stórmikils vitauka, þegar
menn fara að læra að glöggva sig bet-
ur á því hvað það er, sem fyrir þá ber
í draumi. En fyrstir manu þar verða
til, þeir sem glöggastir eru á það sem
fyrir þá ber, á vanalegan hátt, í vöku.

1) Rit þetta er til í enskri þýðingu hér á
landsbókasafnini. Hefir margt verið þýtt á
íslensku sem ófróðlegra er.

Framh.

Helgi Pjeturss.

Á annari stjórmu.

5.

Rit Swedenborgs hafa hingað til mest verið lesin af trúmönnum, sem halda einzog hann, að langmest af því sem honum vitraðist, hafi verið í öðrum heimi, hinum andlega, eða hinumegin. En nú er bót ráðin á þeim megin-misskilningi, með þeirri uppgötvun á heimínum, sem hér hefir verið gerð, í framhaldi af þeim niðum Rögvaldar jarla hins rika og hins ráðsvinna, Bákna og Brúna (Roger Bacon og Bruno).

Nú fyrst geta athuganir Swedenborgs orðið metnar að verðleikum og komið að fallum notum; og fái ekki Heimsknir eina yfirhönd, þá þyrfi þess ekki að verða langt að biða, að sannmælis fengi að njóta þessi ótrúlega langaýni maður, sem ýmsir hálfvisindamenn eða varla það, grunnúðugri og ófróðari en þeir hafa nokkurt veður af sjálflir, og liðsmenn Heimsknis of viða, þar sem þeir halda að þeir séu að vinna viskunni, helzt hafa talið skemtilegan vitfiring. Og þó að Swedenborg bregði of mjög til guðfræðilegrar hugsunar, að þeirra tilma sið, þá er hún farðaleg fyrir oss hér í fávirkunni á útjaðri vitheims, þessi útsýn yfir heiminn, úr svo sjaldgæfum mannsheila.

6.

Ýmsar meginhugsanir í minnu „kerfi“ hefi eg, eftir að mér höfdu hugsast þær, fundið í ritum Swedenborgs; og væri þó réttara að segja ýmsar likar eða drög til alikra; er þar margt skemra,

hugsað og ekki eins nákvæmlega miðað og í þeiri lifsskoðun sem hér er sagt litil eitt af; og er við síku að búast, þar sem eg hefi haft Lamarck og Spéncer og mjög margð góða menn aðra, sem eftir Swedenborgs dag hafa lifað og starfað, til að styðjast við. Og mjög margt hefir Swedenborg fjarþykningað, sem ekki hefir borið fyrir mig, enda skoðaðist hann um á öðrum hnöttum í nærfelt þrjátíu ár, en hugarfar annara til mína, bannar mér að mestu clikt „ferðalag“; og í aðra staði en lakari helviti en þessi jörð er, „kem“ eg aldrei nú; það er þann veg sem farið á hugunum ýtir mér. Þegar vilji minn sleppir tökuum í svefn, þá kemst eg standum í samband við manntegundir, sem eru til muna heimskari en það mannykja sem þessa jörð byggir, og heyri tungtmál, sem eru ennþá svívírdilegri að „framburði“ og misskilningarsamaablöndun á orðum, en ýma þau mál sem nú tilkast á jörðu hér, og spilla fyrir réttri hugsun. Heimskun þá sem getið er um, af heilageislun annara, hefi eg oft og lengi orðið var við í vöku, og fían eg, þegar eg tala við ýmsa menn, að eg tapa þeð minni og greind til muna á meðan; eru því meiri brögð að þessu sem eg er þróttminni sakir svefnþorts og þeir sem i nánd eru, hafa fráleitari hugmyndir um mig og starf mitt. Eg verð ekkert síður var við heimskunaráhrif, þó að um gáfaða menn sé að ræða, ef þeir aðeins eru sannfærdir um að það sé rangt, sem eg veit er rétt. En í svefn verða þó, einnig og drap á, langmest brögð að þessu, og hafa annara hugir þá svo mikil áhrif á mig

að mig getur dreymt orð sem þeir vita, en eg hefi alls ekki vitið. Má þó, ef mean eiga ekki við þau veikindi að striða, sem svéfuleysi nefnast, sofa sig frá slíkum áhrifum, og ná sambandi við vitrari hugi, og jafavæl þá sem í Gimheimum eru. Er slikt sílubót mikil, en langt síðan mér hefir slikt auðnast. Er það sannast að segja ekki vel gert, að banna nokkrum að horfa til himnaríkis sér til hughreytingar, og ekki hyggilegt, ef um einhvern er að ræða, sem gæti frætt um þá hluti, sem mikið riður á að vita. Til einskis er þetta rit að i bráð, ef menn vilja ekki skilja, að draumar eru fjarþykjaðir, framkomnar fyrir hugsamband vakanda og sofanda. Mætti um þessi efni mikið rita og fróðlega. Og þeir manu vita að hér er ekki verið að fara með neinar fjarstæður, sem skilja hversvegna Njáll fór oft frá öðrum mönnum cinn saman ok puldi, eða hvers vegna, — einsog Njála regir svo viturlega frá — Hákon jarl gerð „einnsaman braut frá öðrum mönnum ok bað engan mann með sér ganga“ þegar hann vildi vita hvar Práinn hefði falið Hrapp. „Ek þykjunat sjá alt i gegnum, þá er kem á land“ sagði jarl, „en þá sé ek ekki til er ek kem hér“. Þar hefi verið um nokkurskonar heimskun eða svafningarveru að ræða; þeir á skipinu vildu mjög ákaflega að jarl syndi ekki Hrapp. Og þó að sagan væri ekki sönn þarna, þá hafa margar likar gerst. —

Því miður manu menn líklega heldur ekki skilja það sem nú var sagt, og ætla að nú sé enn verið að fara með eittkvært rugl; og verður þeitá þá til

að auka eau þá þoku sem mér er gerð. Maðurinn er nokkurskonar afhlé (biodynamo) sem sendir frá sér magnöldur með hverri hugaun; og að hugsa sér einhvern ruglaðan, er tilraun til að gera hann það. En slikt ilt sem menn gera öðrum, manu þeir einhverntíma fá í sinn eigin hlut; en vel getur það orðið ekki fyrr en í öðru Viti en þessu. Réttlætið er hér á jörðu því ófullkomnara, sem um hærra aflatig er að ræða.

7.

Swedenborg hefir um athugair sínar skrifsað á latínu, afarmikið mál. Yfir það sem eg nefnadi hugtal, áður en eg hafði nokkuð eftir hann lesið, hefir hann tilsvarandi forð: loquela cogitativa seu cogitatio loquens; segir hann að slikt hugtal tilkist í himnaríki. Hugsanir sem eru einsog drög til þeirra sem hér hafa verið látnar í ljósi um sálufélag, eðli fjarþykjunar og draumia, má finna hjá honum.

Swedenborg hefði einhverntíma fyrir á öldum verið nefndur goðorðsmaður, og visindamönnum mun þykja því meira til rita hans koma, sem þeir skilja betur hverskonar fjársjóði þar er um að ræða. Mætti skrifa skemtilega bók um þennan furðulega Syia, sem átti sér nokkurskonar Hliðskjálf, einsog Óðinn forfadr hans, og sá þaðan viða um heima. Og þó hefði honum gefið ennbá betur sýn, hefði hann notið þess hins fagra mála sem Óðinn talaði, og einn hinn ágætasti af Sviðum eftir Óðins dag, Þorgnýr Porgnýsson Porgnýsonar.

Framh.

Helgi Pieturss.

Á annari stjórmum.

Reynslu min nægir til þess, að eg get sagt með fullkominni vissu, að Swedenborg segir frá lífið á öðrum hnöttum, einnig þar sem hann heldur sjálfur að hann sé að segja frá öðru lífi. En margt er í ritum hans, sem eg get ekki dæmt um til fulls, nema eg nái aftur slikri fjarþykjun, sem hann var gæddur. Er margt sem bendir til þess að slikt mundi geta orðið, ef lesendur mínir rugluðu ekki alt samband fyrir mér, með „vantrú“ sinni á það sem eg er að segja þeim. Aðalástæðan mun vera ekki skilningaskortur, — svo lágar hugmyndir geri eg mér ekki um íslenska gáfumenn, því að fýmislegt af þessu er ekki vandskilið þegar rjetter horft, — heldur mun hitt vera, að mönnum mun þykja of ótrúlegt, að Íslendingur hafi ráðið gátur, sem afbragðs ví sindamenn útlendir, hafa ekki getað ráðið. Og eitthvað kann líka að koma af þessu sem Herakleitos, einn af fyrirrennurum mínum, fann að sambærarmönnum sínum, Eferingum. Og vitanlega eru líku auðsæir ýmsir ófullkomleikar svefnlitils manns, sem aktýgjabjöllur, slikein sem nú eru að komast hér á gang aftur, geta gert nærrí óbærialgar kvalir i höfði, og neytt til að leggja niður pennann, þó að ekki skorti áhuga, en efni í ritgerðir fyrir hendi meira, en unnið yrði úr í bráð, jafnvæl þó að eg næði kröftum mínum.

8.

Mér mundi duga til nokkurar hlitar ef menn létu sér skiljast, að það sem eg segi um eðli drauma, er rétt. Niðum svo margra draumspakra manna, er það varla skammlaust að skilja þetta

ekki, og þegar þeir skilja það, þá mun þeim finnast sem nýjar liudir spretna upp í sálum þeirra. Slikur megin-mis-skilaingur sem með hafa á eðli drauma, gerir allan hug þeirra miklu hejmiskari en hann þyrfti að vera. Aðskilja þetta setti að vera hverjum manni áhugamál. Því að auka tengisemí huga síns, er að fjarlægast það vitstig, sem dýrin eru á.

Reyni meða nú. Maður liggur sofandi í rúmi sínu. Hvernig sem hann fer að í vöku, þá getur hann ekki séð t. d. herskip, nema hann horfi á það; en þegar hann vaknar þá man hann að í svefninum að hann grænilega herskip; það var ekki einsog þegar meða hugsa sér herskip, heldur sá hann það einsog hann litir það augum. Nú vita menn alveg með vissu, að eins meðvitund getur blandast huga annars, og það þótt i fjarlægð sé. Ráðning gátunars er sú, að einhver sér í raun og vera herkipið, horfir á það, en myndin flyzt yfir í huga sofandans. Þetta er auðvelt að skilja, ef meða horfa rétt. Það er vandelitið nú að sjá hvað það er að dreyma. Vitund sofandans blandast þættir úr vitund einhvers sem vakir, eða einhværra. Og ef til vill líka þættir úr öðrum svefnvitundum. Eða með öðrum orðum: í svefni er samkan, samvitundin, samúðin, komin á, miklu framar en í vöku, af því að þá liggur sjálfkan, eiginmeðvitundin eða sérvitundin, að mestu leyti niðri. Þessi orð eru ekki mörg, en til munu vera þeir lesendur, eða þá verða, sem skilja, að þau fára út sjóndeildarhring mannkynsins.

XXXIII.

Vilji menn stiga spor í illar attír, þá okulu þeir setla það rugl, sem mjög gæti orðið til þess að auka þeim vit.

1.
„Þegar augu súlar minnar lukust

upp fyrst, og þeir sem eru i öðru lífi, sáu með minum augum (eða fyrir minum augu) þessa jörð og það sem á henni er, þá furðuðu þeir sig svo, að þeir kölluðu þetta undur undranna, og glöddust nýrri gleði yfir því sambandi sem kom. Íð væri á milli himnaríkis og jarðarinnar.“

Það er Swedenborg sem segir þetta, í ritinu um jarðstjörnurnar í geimuum, 135. gr.

Seinna segir svo í sömu grein, að Swedenborg hafi fengið að vita, að andar og englar hafi ekki getað séð það sem er og fram fer á þessari jörð með annara augum (en hans), heldur verði þeir einungis varir við hugsanir annara manna og tilfianingar. Það eru ekki nema sumra augu, sem sjá svo glögt, að hinir himnesku geti séð með þeim, þegar þeir litast um á jörðu hér. Geta rangar og ruglingslegar hugsanir — að því er virðist ráða mega — vilt sumum sjónir, sem heima eiga annarsstaðar í geimnum, þegar þeir litast um á jörðu hér.

Mun fremur skiljast að ekki sé um neinar fjarstæður að ræða, þegar þess er gætt, að jafnvel hér á útjaðri vitheims eru fundin, að sögn, rafmagnustæki til þess að þeir geti sést, er símtala saman.

2.

Það var eitt skifti um haustið 1910, óður en eg fór að Kleppi, sem geislar frá huga æðri veru uppljómuðu nálu mina, svo að mér virtist eg vera í miklu bjartara og fegra ljósi, en dagsbirtan er. Og hygg eg, að þessi undarlega gleði, sem eg fann til, þessi einkennilega sól-skinsgleði yfir einhverjum miklam tiðindum, hafi verið líka eðlis og ánægja sú sem Swedenborg getur um; hafi ver-

ið svolitið endurskin af því sem framför í huga guðlegs vitrings er hann litadist um á hnöttunum á útjaðri vitheims, og sá að ekki einungis miljónir þessarar jarðar, heldur liklega miljónir miljóna af ámóta skammsýnum verum viðsvegar á örðrum hnöttum, muðu geta komist á leið til hins miðla sambanda. Þúsundum ára saman höfðu hinir dýrðlegu á himnum, leitast við að stýðja þá sem vitrastir voru af þessari dýrategund sem nefnir sig menn, til að komast í skilning um eðli og tilgang lífsins, að svo miklu leyti sem þarf til að hverfa frá grimð og fjandskap, og komast á rétta leið til að sigra dauðann. Aldrei hafði það tekist svo dygði. Og altaf hætti mönnunum við að snúaast á móti einmitt þeim sem nauðsynlegastir hafa verið þessu mannkyni, sem bezt var lagið að færa til réttari vegar það sem vitað var, og auka við. Aldrei gátu menn skilið, að það er þessi heimur sem dýrðlegur mun verða, riki þess guðs sem er vorum eanþá svo litla skilningi, miklu æðri. Jafnvel Swedenborg, sem sumir „andar og englar“ virðast nærrí því hafa gert sér vonir um að mundi átta sig, skildi aldrei að jarðlífð er einn örlistill þáttur í lífi alheimssins, og hugði að langflest það sem honum vitraðist, væri „hinumegin“. Heldur ekki hinum austrænu vitringum, sem voru þó og eru að ýmsu leyti svo furðulega langt komnir, hafði tekist að uppgötva þennan heim, og var ekki nágu ant um að þekkjá þessa jörð, en hugðu, að ýmislegt hefði farið hérfram, sem gerst hefít á örðrum hnöttum.

Framh.

Helgi Pjeturss.

Ritstjóri: Benedikt Steinsson.
Félagsprentsmiðjan.

Á annari Ístjórmu.

Frh.

Og visindia vestrænu, þar sem þeit var önduð undirstaðan, og alt rakið sem nákvæmast saman, visindin, sem att að segja hafa lifað við fátaðt og Álfgerða litilsvitning, jafnvel þar sem þeit hefir verið á jörðu hér, urðu svo fleitlega nærynn, og mistu alveg skilninga á uppruna þeirra hugmynda sem ornaldiznar gerðu sér um óflugri og allkomnari verur, er nefadir voru guðar og „dæmónar“ eða vættir.

Ea nú hafði einhver guðlegur vitringur verið að skoðast um á hnöttunum þem eru svo nálægt hinum „yztu myrkrum“, að hætta er á að þeir hverfi í þau, hætta á að skynugustu verurnar þar, nái þó ekki því vitstigi og velvildar, sem þarf til að ná sambandi við guðina, það líf sem hefir sigrað daðann og halda svo áfram til réttar fullkomunar, heldur snúi framsókninni svo til helvízkú, að lífjöldi þar undir lok, eftir hryllilegri aldir, en orð ná til ennþá.¹⁾

Nú hafði guðinn fundið, að loks var svo komið, að jafnvel hjá þessum skynlitlu og skammlifaverum, mundigeta unnist sá skilningur, sem þarf til að breyta stefnunni eindregið frá helvitis-áttinni. Hann hafði fundið það sem margir „á himnum“, einsog eg ræð af því sem fyrir mig bar síðar, bjuggust ekki við að fiana á þeim hnetti, og sízt í því landi eða þeim manni. Hinn guðlegi vitringur, hafði þrátt fyrir þá þokun rangra hugmynda, sem umhverfis var, og þrátt fyrir þá örðugleika sem stófuðu af ófullkomleika mannsins sjálfs, fundið heila, sem hann sá að mundi geta náð

til skitninga á ýmu því sem þarf að vita fyrst, til þess að manukyn þessarar jardar, sem þegar er farið að visna þar sem bezt hefir gróið þegar vænlegar horfði, geti komið á rétta leið.

3.

Ea á þessum tímum mun hugsandi mönnum sízt geta komið til hugar, að verið sé á réttri leið, þegar bezt sjást ávextirnir af því, að þúsundum ára saman, hafa i mannfélögum hinir óvitrari magnast meir. Bezti grundvöllur undir velgengni og vinsældir, var ekki að vilja öðrum vel, og hafa þá hæfileika sem þurfti til að finna þau sannindi, og kenna þær aðferðir sem urðu og gátu orðið til að bæta hag miljónanna, heldur ýmislegt annað. Framúrskarandi snild og vit vildi oft leiða heldur til þess, að ólánshættara yrði þeim sem áttu. Mean höfðu ekki vilja eða vit að vera þeim samtaka, sem vildu þeim bezt. Og þess vegna er það mest, sem bresta saman nú, þegar margir bjuggust ekki við sliku, einhverjir þeir mestu heimskuboðar, sem risið hafa í sögu mannkynsins. Og hætt við, að slikt sé ekki í síðasta sinni hér í Evrópu, verði ekki mikil breyting á til batnsðar um hugsunarhátt. Í styrjöldum kemur ljósast fram, hversu rangt hefir stefnt verið, jafnvel i menningarmestu þjóðfélögum, hversu misskilið frá rótum.

Ea þegar menn fara að sjá, hvad vinnast muni með því að vera samhuga og rétthuga, þá verður friðurinn ekki framar undirbúningur undir strið. Þá mun þessi furðulegi heimar, óandanlega furðulegur, opnast "sjónum hins undansindi mannkyns. Og ekki mun, þó að friður verði, skorta færri að sefa kraftana og sýna hugrekki. Og sízt man þurfa að láta sér leiðast vegna fréttaleysis, þegar útsýn verður svo viða um heima sem hættur er ístafum, hér í

1) Tilgáta sú sem hér er sagt frá mun ef til vill þysja býsna ólikleg, en eg get ekki fundið meina, sem jafnvel komi heim við eigin athugasir og annars.

jörðu. En löngun eftir að fréttu stórtindi, á meir en litinn þátt í þeirri háskólegu helvízku, sem þessi ófriður er. Það kemur í hug á þessum dögum, þegar mörg þjóð er hjáð eins og Eyvindur kvað, að þjóð, þýjuð, er einmitt sama sem þjáð (þjá f. þýja).

4.
Þegar eg eitt kvöld í októbermánuði 1910, var kominn að Kleppi og lekaður þar inni sem óður og vitskertur, var eg ekki í betra skápi en ástæður veru til. Örvæting held eg megi nefna þá tilfinning. En þó varð eg þess var, að i ástandi minu var einsog einhver straumur utanað, einhver alskotatilfinning; nokkurn þátt í örvaðting miðan átti sú hugsun, að nú mundi því ekki verða trúð sem eg segji, það mundi alt verða álitin brjálsemi. Þetta var því undarlegra sem lír kom alla ekki til hugar að segja neitt, og fanst alls ekki sem eg mundi hafa nokkurn boðskap að flytja. Það var eitthvað annað. Það vitneskja hins mikla vitringa um hvað verða muudi, kóm þannig fram í meðvitund minni, sem hugboð, og tilfinning sú sem því fylgdi.

Seint um sumarið, óður en eg var farinn að fá nokkurt óráð, hafði eg sagt við einn frænda minn, að mér fyndist sem eg gæti gert einhverja uppgötyun, sem hefði áhrif á hag alls mannkynsinga; sumarið hafði verið svo frjósamt að nýjum athugunum og hugsunum, mér hafði aukist svo skilningur á jarðfræði Íslands og öðru, að mér fanst sem andi minn mundi geta orðið þess megnugur sem eg sagði. Eg hefi seinna haldið að einnig þetta kunni að hafa verið nokkurskonar hugboð, likt og mér kom í hug einusinni á skólaárum mínum, og hafði eg þó held eg, manna minst sjálfssálit, að eg mundi eihverntima fiana eitthvað mjög merkilegt i jarðfræði

Gott vero. — Varmastar vermaður.
Stórt sýnichernuccia.

II. Benediktsson Reykjavík.

Sími 234

— 8

Símnafni: Geyrir

Ritstjóri: Benedikt Sveinsson.
Félagsprentsmaðjan.

Íslands. Ær það og kannast að segja að eg hefi þar margt merkilegt fundið, og sumt, sem engir jarðfræðingar hafa átt að sig á ennþá. Og uppi á einhverju fjalli skrifði eg í nokkarskonar gúðska í dagbók mína 1910: „Jafnvel í jarðfræði Íslands er eg svo langt á undan (að fiana ýmsan sannleik átti eg við), að menn eygja mig ekki.“ Þó að það sé ekemtilegt standum að nema fyrstar lönd, og vinna stóran sigur án þess að særa nokkurn, þá getur í slikeum ferðum verið æðji eyðilegt og einmannalegt, og má þá hafa annað einsog þetta sem eg ritadí, sér til gamans.

Mönanum þykir líka ekemtilegt, að sjá það eftir mikla vitmenn látna, að fáteklegar ytri ástæður hafa ekki getað kúgað anda þeirra til fulls, eða vilt þá á sjálfum sér. En miður vinsælt hefir slikt viljað reynast, hafi það komið fram að mönnunum lifandi. Sumir kenna ekki við það, að hinir vitrari lúti ekki, jafnvel í skoðunum sínum, hinum heimskari. Og sumir halda, að með slíku sé verið að niðra þeim. Og er það ekki litill misskilningur. En þó er það satt að ef vér þiggjum eigi sannleik, sem einhver hefir fundið, öllum til góðs, þá niðrum vér sjálfum o.s. Ef vér skiljum nágu vel hvaða þýðinga samtök hafa, þá kemur slikt ekki fyrir.

Framh.

Helgi Pjeturss.